





SPURNING DAGSINS



„Björn, gerir þú ráð fyrir fiskþurrkun í Skerjafirðinum?“

„Ekki sérstaklega, en það verður alla vega engin þurrð á möguleikum á svæðinu.“

Björn Kristinsson, fyrrverandi prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands, hefur lagt fram róttækar hugmyndir um byggingu varnargarðs og með honum þurrka upp Skerjafjörðinn. 2.300 fermetrar lands yrðu til við framkvæmdina og gríðarlegir möguleikar til uppbyggingar.

Varaborgarfulltrúi Framsóknar: Marsibil skilur við flokk sinn

REYKJAVÍK Marsibil Sæmundardóttir, varaborgarfulltrúi Framsóknar, hefur sagt skilið við flokk sinn. Hún segist hafa greint Óskari Bergssyni og skrifstofu flokksins frá þessu í gær. Hún muni áfram styðja góð mál og „ekki stunda tækifærismennsku og fella meirihlutann komi til þess að Óskar Bergsson forfallist“.

Ákvörðunin hafi verið erfið, en úr því sem komið er sé þetta best fyrir sig og flokkinn.

Marsibil verður óháður varaborgarfulltrúi. Hún hafði áður sagt að hún gæti ekki starfað með Sjálfstæðisflokknum.

- kóp



2FRÉTTABLAÐIÐ19. ágúst 2008PRÍÐJUDAGUR

Gert er ráð fyrir því að Vilhjálmur Þ. verði forseti borgarstjórnar:

Framsókn fær varaformenn

REYKJAVÍK Líklegt þykir að framsóknarmenn verði varaformenn í öllum helstu ráðum Reykjavíkurborgar, en Óskar Bergsson, verðandi formaður borgarráðs, fari með formennsku í skipulagsráði.

Einungis borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar mega vera formenn fagráða og setur strik í reikninginn að Marsibil Sæmundardóttir, varaborgarfulltrúi Framsóknar, styður ekki nýjan meirihluta. Því þurfa framsóknarmenn að sætta sig við varaformennskuna.

Heimildir Fréttablaðisins segja einnig líklegt að framsóknarmaður setjist í stjórn Orkuveitunnar í stað

Ástu Þorleifsdóttur og gæti það verið Óskar Bergsson, en ekki hafi komið til tals að Alfreð Þorsteinsson, fyrrum stjórnarformaður Orkuveitunnar, taki að sér trúnaðarstörf í fyrirtækinu. Það sé þó ekki útilokað frekar en annað.

Gengið var út frá því í gær að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson yrði forseti borgarstjórnar, en hann er nú formaður borgarráðs. Almenna línan sé þó sú að breyta sem minnstu, eftir tíðar hræringar síðustu mánaða.

- kóp

ÓSKAR BERGSSON Gert er ráð fyrir að Óskar muni fara með formennsku í skipulagsráði í nýjum meirihluta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Líklegar breytingar á Strætó: Ármann hætti sem formaður

REYKJAVÍK Rætt er um það innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar að tímabært sé að borgin, helsti eigandi Strætós, skipi stjórnarformann fyrirtækisins.

Ármann Kr. Ólafsson, fulltrúi Kópavogs og núverandi stjórnarformaður Strætós, myndi því víkja fyrir nýjum manni úr borginni. Þetta herma heimildir blaðsins hjá borginni, en Ármann hefur starfað sem formaður stjórnarinnar lengur en hann gerði ráð fyrir að sitja.

Enn fremur sé lag að koma nýjum manni inn, því staða losnaði í stjórninni, þegar Gísli Marteinn Baldursson fór út í nám.

- kóp

ÚTHLUTAR HEIÐURSMERKJUM Medvedev segir hernað Rússa í Georgíu réttlætanlegan.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Medvedev Rússlandsforseti: Heiðraði rússneska hermenn

RÚSSLAND, AP Dmitri Medvedev Rússlandsforseti fór að landamærum Georgíu í gær og hitti þar rússneska hermenn. Hann þakkaði þeim vel unnin störf og útdeildi heiðursmerkjum.

Hann endurtók ásitkanir á hendur Georgíuher um að hafa stundað þjóðarmorð í Suður-Ossetíu. Rússar sögðust í gær byrjaðir að flytja her sinn frá Georgíu.

- gb

Bílhrae valda gremju í íbúðahverfi í Garði

Íbúi í Garðinum gagnrýnir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja fyrir linkind gegn nágranna hans sem er með gamla bíla og járnarusl á lóð sinni. Heilbrigðisfulltrúi segir nágrannann hafa komið til móts við kröfur. Málið sé þó enn til skoðunar.

STJÓRNSÝSLA „Ég hef búið hér alla ævi og hef aldrei séð hér eins mikið drasl í nokkrum garði,“ segir Sigmar Magnússon, íbúi í Garðinum á Suðurnesjum.

Sigmar segir að á næstu lóð við hús móður hans sé nú mikið af gömlum bílum og alls kyns járn- og dekkjarusli að viðbættum tjaldvagni sem farinn sé að skjóta rótum. „Fyrir utan að þetta er hrikalega ljótt er oft verið að vinna langt fram á kvöld í garðinum með tilheyrandi skarkala. Þetta er náttúrliga ólíðandi starfsemi í íbúðahverfi,“ segir hann.

Sjálfur segist Sigmar hafa verið með nokkra númerslausa bíla við hús móður sinnar þegar krafa barst frá heilbrigðiseftirlitinu um að þeir yrðu fjarlægðir. „Við tókum bílana burt innan þriggja vikna. Hins vegar er nánast enn allt við það sama á lóð nágrannans. Ég hringi reglulega í heilbrigðiseftirlitið til að spyrjast fyrir um hvers vegna ekkert sé aðhafst og fæ alltaf það svar að nágranna okkar hafi verið gefið enn eitt tækifærið. Þetta er með ólíkindum,“ segir hann.

Sigmar kveðst hafa vera svo undrandi á framgöngu Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja að hann hafi borið málið óformlega undir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. „Þeir sögðu mér að væri þetta á starfssvæði þeirra á Suðurlandi yrði gengið í málið strax næsta dag enda hefði heilbrigðiseftirlitið enga heimild til að láta þetta viðgangast,“ segir hann.

Ríkharður Friðriksson, heilbrigðis- og umhverfisfulltrúi Suðurnesja, segir rétt að nágranna Sigmars hafi verið gefinn frestur til að koma skikki á lóð sína.

„Hann gat lítið gert í þessu í vetur vegna veðurs. Eftir að mál hans kom fyrir heilbrigðisnefnd í vor hefur hann hins vegar gert góðan skurk og þetta lítur allt saman miklu betur út. Við munum skoða þetta betur á næstu dögum og ákveða næstu skref,“ segir Ríkharður sem vísar því á bug að heilbrigðiseftirlitið hafi ekki heimild til að gefa fólki frest til að uppfylla kröfur. „Það er einfaldlega réttur hvers einstaklings að fá svigrúm til að vinna úr sínum málum.“


gar@frettabladid.is



72,34%

49,65%

33,47%



FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er með 46% meiri lestur en 24 stundir og 116% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í maí-júlí 2008.

Unnið er að rannsókn á sjóveiki um borð í Vestmannaeyjaferjunni Herjólf: Ætla að spá fyrir um sjóveiki

SAMGÖNGUMÁL Siglingastofnun, Landspítali og Læknadeild Háskóla Íslands hafa í sumar staðið fyrir rannsókn á sjóveiki um borð í farþegaferjunni Herjólf. Vonast er til að í framtíðinni verði hægt að gefa út sjóveikispá til að létta undir með þeim sem þjást af þessum vágesti.

Hannes Petersen, yfirlæknir á háls-, nef- og eyrnadeild Landspítalans, er umsjónarmaður rannsóknarinnar. „Sjóveiki er lítið rannsakað vandamál og við erum að tengja saman í fyrsta sinn sjóveikiupplifun hjá fólki við hreyfingarnar í sjónum. Bæði þá með upplýsingum frá öldudufli sem Siglingastofnun er með og hreyfiskynjara í Herjólf og spurningalista sem dreift er til farþega Herjólfss um líðan þeirra í tengslum við sjóferðir. Þannig getum við jafnvel í framtíðinni gefið út sjóveikispá með því að segja fólki sem er næmt að það séu til dæmis 90 prósent líkur á að viðkomandi finni

fyrir sjóveiki eins og sjólagið verður á morgun.“

Hannes segir að í raun verði allir sjóveikir en menn sjóist misjafnlega vel. „Einkennin eru mis-

jafnlega mikil og margir tala ekki um sjóveiki fyrr en þeir kasta upp. Það er þó langt frá því að vera rétt mat og margir verða mjög veikir án þeirra einkenna.“

- shá



Í ÓLGUSJÓ Herjólfur heldur uppi siglingum til og frá Eyjum í alls konar aðstæðum. Veran um borð er því mörgum erfið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



**Saga verkfræðinnar hefur verið skrifuð.**



**Með hverjum nýjum Audi færðu veglegan kaupbæti:**

Fríar þjónustuskoðanir í 3 ár

Eldsneytiskort með 150.000 króna inneign

Sumar- og vetrardekk





| GENGIÐ 18.08.2008                                                                 |                 |           |        |
|-----------------------------------------------------------------------------------|-----------------|-----------|--------|
| GJALDMIÐLAR                                                                       |                 | KAUP SALA |        |
|  | Bandaríkjadalur | 81,71     | 82,11  |
|  | Sterlingspund   | 152,60    | 153,34 |
|  | Evra            | 120,13    | 120,81 |
|  | Dönsk króna     | 16,105    | 16,199 |
|  | Norsk króna     | 15,095    | 15,183 |
|  | Sænsk króna     | 12,838    | 12,914 |
|  | Japanskt jen    | 0,7406    | 0,745  |
| SDR                                                                               |                 | 128,26    | 129,02 |
| GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR                                                          |                 |           |        |
| 157,2125                                                                          |                 |           |        |
| HEIMILD: Seðlabanki Íslands                                                       |                 |           |        |



HERCULES C-130-J Vélín lenti á Reykjavíkurflugvelli um klukkan 11 í gærdeg.

MYND/ÁRMANN ÁRMANNSSON

Landhelgisgæsla Íslands:

## Æfir björgun með Herkúlesi

**STRANDGÆSLA** Flugvél bandarísku strandgæslunnar lenti á Reykjavíkurflugvelli í gær til að taka þátt í björgunaræfingu með Landhelgisgæslunni.

Til stendur að æfa hvernig farþegum skemmtiferðaskips er bjargað úr sjávarháska milli Íslands og Grænlands, um 100 sjómílur austur af Hvarfi. Skipið lendir á ísjaka og lekur.

Í tilkynningu frá Landhelgisgæslunni segir að samstarf strandgæslustofnana við norðanvert Atlantshaf sé gott. Fyrir ári hafi verið stofnuð samtök 18 strandgæslustofnana á svæðinu og björgunaræfingin sé afrakstur þeirrar samvinnu.

- kóp

Vatnsvandi í þróunarlöndum:

## Skolpvatn notað til áveitu

**SVÍÐJÓÐ, AP** Viða í þróunarlöndum er skolpvatni veitt á ræktarlönd, með þeim afleiðingum að heilsufari fólks stafar hættu af.

Þetta kom fram á alþjóðlegri ráðstefnu um vatn í heiminum, sem hófst í Svíþjóð í gær.

Algengast er að skolpvatn sé notað á ræktarlönd í kringum borgir, einkum í Asíulöndum, svo sem Kína, Indlandi og Vítínam, en einnig í kringum nærri allar borgir í Afríku sunnan Sahara og sömuleiðis víða í Suður-Ameríku.

Talið er að 1,4 milljónir barna látist árlega af völdum niðurgangs og lélegs hreinlætis.

- gb

Hjón frá Taílandi verða brátt tæpum 66 milljónum króna ríkari:

# Fjölskylda í Breiðholti vann

**FÓLK** Þriggja barna móðir í Breiðholti vann tæpar 66 milljónir í Lottó síðasta laugardag. Konan er íslenskur ríkisborgari og hefur búið á Íslandi í tíu ár, en hún og maður hennar eru frá Taílandi.

Konan keypti lottómiðann í Leifasjoppu í Íðufelli. Að sögn Þorleifs Eggertssonar, eiganda sjoppunnar, selst venjulega mikið af lottómiðum í sjoppunni. „Það var sérlega mikil sala hérna á laugardeginn,“ segir hann. Vinningshafinn keypti þó ekki sinn miða þá, heldur á þriðjudag í síðustu viku.

Hjónin og börn þeirra komu til Þorleifs í sjoppuna á sunnudagskvöldið til að þakka honum. Hann

segir það ánægjulegt að hafa selt vinningsmiðann. Aður hafi stórir vinningar unnist á miða úr sjoppunni, en nokkur ár eru síðan það gerðist síðast.

Samkvæmt tilkynningu frá Lottó spila hjónin reglulega bæði í Lottó og Víkingalottó. „Hjónin hafa bæði stundað meira en eina vinnu til að ná endum saman svo það er nokkuð víst að peningarnir koma að góðum notum,“ segir jafnframt í tilkynningunni.

- þeb

**LEIFI Í LEIFASJOPPU** Lottóvinningur upp á 66 milljónir var keyptur hjá Þorleifi Eggertssyni í Leifasjoppu í Breiðholti í síðustu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Orkuveitan hefur bolmagn í virkjun

Framkvæmdastjóri fjármála hjá Orkuveitunni segir að virkjanir séu ekki áhættusamar, þær borgi sig upp á 20 til 25 árum. Orkuveitan sé langt í frá komin að þölmörkum. Erlendir fjárfestingabankar vilji lána í jarðhitavirkjanir.

**ÞJÓÐUR** „Gera má ráð fyrir því að bygging Bitruvirkjunar kosti á milli 15 og 20 milljarða fyrir 90 megavatta virkjun. En í raun eru þetta ekki áhættusamar fjárfestingar, þegar sölusamningar til stöðju hafa verið gerðir. Þær borga sig á 20 til 25 árum,“ segir Anna Skúladóttir, framkvæmdastjóri fjármála hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Rætt hefur verið um að Bitruvirkjun verði sett að nýju á oddinn, með breyttum meirihluta við stjórn Reykjavíkur. Gengishrun hefur komið illa við Orkuveituna og erlendur skuldir hennar hafa hækkað mikið. Því hefur verið haldið fram að fyrirtækið sé ekki í stakk búið að svo stöddu að leggjast í slíkar fjárfestingar.

„Fyrirtækið er alls ekki komið að þölmörkum vegna þessa. Skuldir í erlendri mynt eru miklar en á móti kemur að við erum með stór-íðusamninga í dollurum, sem hafa hækkað um leið,“ segir Anna. Samningarnir séu tengdir heimsmarkaðsverði áls, sem hafi hækkað mikið. Hún taki því ekki undir að óráð sé að virkja núna.

„Unnið hefur verið að rannsókn-um á svæðinu um langt skeið og virkjunin yrði ekki tilbúin fyrr en í fyrsta lagi 2012. Til að framkvæma svona þarf að vera ákveðinn



**FRÁ HELLISHEIÐARVIRKJUN** Erlendir fjárfestingabankar eru áhugasamir um að leggja fé í jarðvarmavirkjanir, segir framkvæmdastjóri fjármálasviðs Orkuveitu Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR**

## FÓLKID BORGAR

„Það er bara almenningur sem kemur til með að borga þetta,“ segir Ásta Þorleifsdóttir, fráfaramandi varaformaður Orkuveitunnar og fulltrúi F-lista.

Ásta fagnaði því á sínum tíma að hætt var við að virkja í Bitru, að fengnum úrskurði Skipulagsstofnunar, sem varaði við neikvæðum umhverfisáhrifum virkjunarinnar.

„Og nú kemur Framsókn og vill taka stórt erlent lán fyrir virkjun sem verður í fyrsta lagi tilbúin 2012. Ég tel ekki að það eigi að taka svoleiðis lán fyrir örfáa verkataka,“ segir Ásta.

stöðugleiki í verkefninu. Þetta er minnst fimm ára ferli að virkja á Hellisheiðinni,“ segir hún.

Erlendir fjárfestingabankar séu afar áhugasamir um að taka þátt í jarðvarmavirkjunum á Íslandi og kjörin sem Orkuveitunni bjóðist séu betri en gengur og gerist. Hún fullyrðir að órói í íslensku efna-

hagslífi hafi „engin áhrif“ á láns-hæfni fyrirtækisins vegna slíkra verkefna.

Þegar búið sé að greiða skuldir vegna virkjana sé rekstrarkostnaðurinn sáralítill.

„Eftir það er þetta eiginlega eins og gullkálfur,“ segir Anna.

klemens@frettabladid.is

Eigendur sumarhúsa:

## Króuðu þjófa af í Grímsnesinu

**LÖGREGLUMÁL** Þrjú ungmenni voru stöðvuð í ránsferð um sumar-bústaði í Grímsnesi á dögunum. Það voru nokkrir eigendur sumarhúsa á svæðinu sem króuðu ungmennin af þar sem þau reyndu að komast undan á bíl.

Eigendurnir kölluðu til lögreglu sem handtók þjófana. Í bíl þeirra fundust meðal annars hljómtæki og áfengi sem stolið hafði verið úr sjö bústöðum á svæðinu.

Ungmennin víðurkenndu innbrotin við yfirheyrslur, að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglu, en neituðu að eiga þátt í öðrum innbrotum í Grímsnesi að undanförunu.

- sh

Boðað til mótmæla:

## Mál Ramses ekki afgreitt

**FLÓTTAMENN** Hörður Torfason tónlistarmaður telur að ástæða þess að starfsmenn dómsmálaráðuneytis hafa verið í rúman mánuð að fjalla um kæru Pauls Ramses, sé að málið hafi ekki verið afgreitt með fullnægjandi hætti á sínum tíma.

„Kvöldið áður en honum var vísað burt var honum sýnt bréf sem var skrifað í apríl,“ segir Hörður. Hann segir að tveir lögregluþjónar hafi þýtt bréfið fyrir hann á lélegri ensku, í stað þess að fá túlk.

Ramses hafi svo ekki kvittað undir að hann hafi skilið erindið. Boðað hefur verið til daglegra mótmæla í hádeginu fyrir utan ráðuneytið.

„Markmiðið er að láta Björn Bjarnason vita að þetta er ekki gleymt,“ segir Hörður.

- kóp

Sveinn Andri Sveinsson:

## Virðingarleysi við borgarbúa

**STJÓRNMÁL** „Þetta er virðingarleysi við kjósendur,“ segir Sveinn Andri Sveinsson, hæstaréttarlögmaður og fyrrum borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, um þá ákvörðun

Gísla Marteins Baldurssonar að sinna borgarfulltrúastörfum frá Edinborg.

„Það er útilokað að sinna þessu starfi búandi erlendis. Ég trúi ekki öðru en að þetta verði leiðrétt,“ segir Sveinn.

Gísl Marteinn segir mörg dæmi þess að borgarfulltrúi sinni öðrum störfum samhliða. Nærtækast sé dæmi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem nam í London árið 2004. „Grunnskylda borgarfulltrúa er að sækja borgarstjórnarfundi. Að auki geri ég ráð fyrir að vera í nokkrum ólaunudum nefndum,“ segir Gísl Marteinn.

- kg

25% AFSLÁTTUR

SUMARTILBOÐ

LYFJA

Lifið heil

**VEÐURSPÁ**

**HEIMURINN**

|                 |     |
|-----------------|-----|
| Kaupmannahöfn   | 23° |
| Billund         | 20° |
| Ósló            | 21° |
| Stokkhólmur     | 20° |
| Gautaborg       | 21° |
| London          | 19° |
| Paris           | 22° |
| Frankfurt       | 25° |
| Friedrichshafen | 30° |
| Berlín          | 27° |
| Alicante        | 32° |
| Mallorca        | 31° |
| Basel           | 27° |
| Eindhoven       | 22° |
| Las Palmas      | 27° |
| New York        | 16° |
| Orlando         | 29° |
| San Francisco   | 18° |

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

**Sigurður P. Ragnarsson**  
Veður-fræðingur

**GÓÐVIÐRI**  
Mörgum verður tíft við mig um að haustið sé að koma eða sé á næsta leið. Ekkert slíkt er þó að sjá í kortunum. Auðvitað er nú orðið heldur kaldara á morgnana en fyrr í sumar en það skýrist af lengri nótt. Framundan er góðviðri, hægur vindur og ágætur dagshiti. Síðan er að vænta vætu vestan til undir og um helgina.

**Á MORGUN**  
Hæg, breytileg átt.

**FIMMTUDAGUR**  
Vaxandi sunnanátt. Rigning V-tíl síðdegis.



# BÍLAOUTLET

Í FYRSTA  
SINN Á  
ÍSLANDI!

BÍLAMARKAÐUR ÁRSINS!

## Bætum við enn fleiri bílum á planið!

3,1  
milljón í  
afslátt!!!



RANGE ROVER  
SPORT HSE 2.7

Ek. 23 þús. Nýskr. 04/07. Ssk.  
Verð áður: 10.300 þús. kr.

OUTLETVERÐ:

7.200 þús. kr.

Það er búið að vera vitlaust að gera hjá okkur frá því við opnuðum og fjöldinn allur af bílum er þegar seldur. Við eigum samt nóg til enn og bætum við bílum á hverjum degi. Við bendum sérstaklega á að í BílaOutlet bjóðum við ekki bara notaða bíla heldur erum við líka með nýja bíla á lygilegu verði! Tilboðin okkar slá allt annað út! Komdu í dag, við höfum opið til kl. 21.

Meira en

# 350

## notaðir og nýir bílar á staðnum



NISSAN TERRANO II LUXURY  
Ek. 172 þús. Nýskr. 11/00. Bsk.  
Verð áður: 1.650 þús. kr.

OUTLETVERÐ:

790 þús. kr.

OPEL ASTRA TURBO  
Ek. 7 þús. Nýskr. 01/08. Bsk.  
Verð áður: 2.850 þús. kr.

OUTLETVERÐ:

1.990 þús. kr.



BMW 316i  
Ek. 61 þús. Nýskr. 02/05. Ssk.  
Verð áður: 2.590 þús. kr.

OUTLETVERÐ:

1.940 þús. kr.



OPIÐ:  
mánudaga til  
fimmtudaga:  
12-21!

bílaLand



AVIS

Tjarnavöllum 3, Hafnarfirði. Sími: 575 12 30. | Opið: mán-fös 12-21, lau 12-16, sun 13-16.



# BÍLAOUTLET

\*Með fyrirvara um prentvillur.



KJÖRKASSINN



Lífir nýr meirihluti í borgarstjórn út kjörtímabilið?

|     |     |
|-----|-----|
| Já  | 40% |
| Nei | 60% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

Væri rétt að þurrka upp Skerjafjörðinn?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir



LÖNDUN

Aflaverðmæti er nokkru minna á fyrstu mánuðum ársins 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ/SV.Þ

Verðmæti sjávaraflla:

## Samdráttur frá janúar til maí

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 39,2 milljörðum króna á fyrstu fimm mánuðum ársins 2008 samanborið við 40,5 milljarða á sama tímabili árið 2007. Aflaverðmæti hefur dregist saman um 1,3 milljarða eða 3,1 prósent á milli ára. Aflaverðmæti maímánaðar nam 7,6 milljörðum miðað við 7,7 milljarða í maí 2007.

Aflaverðmæti botnfisks frá janúar til maí 2008 nam 30,5 milljörðum sem er svipaður afli og á sama tímabili árið 2007. Verðmæti þorskafla var 16,2 milljarðar og dróst saman um 2,7 prósent frá fyrra ári. Aflaverðmæti uppsjávaraflla nam sex milljörðum sem er 24,7 prósent samdráttur miðað við sama tímabil árið 2007.

- shá

### HAFNARFJÖRÐUR

#### Steinahlið fallægasta gatan

Gatan Steinhlið var valin stjörnugata ársins 2008 í Hafnarfirði en Fegrunarnefnd Hafnarfjarðar heiðraði fyrir helgi eigendur fallelgra garða í bænum. Fyrirtækið Actavis hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir snyrtimennsku.

### LANDHELGISGÆSLAN

#### Átta umsækjendur

Alls sóttu átta um eina stöðu flugrekstrarstjóra og flugmanns hjá Landhelgisgæslunni. Meðal þeirra er Geirþrúður Alfreðsdóttir, núverandi flugrekstrarstjóri. Aðrir umsækjendur eru Ásdís Ólöf Gestsdóttir, Benedikt Lárus Ólason, Bergur Axelsson, Bjarni Ágúst Sigurðsson, Björn Brekkan Björnsson, Guðmundur Kristján Unnsteinsson og Jakob Ólafsson.

### UTANRÍKISMÁL

#### Ráðherra fundar um Georgíu

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fundar í dag með utanríkisráðherrum hinna NATO-riklanna, um stríðsátökin í Suður-Ossetíu í Georgíu. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum NATO í Brussell.

6

FRÉTTABLAÐIÐ

19. ágúst 2008

PRÍÐJUDAGUR

## Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður í skipulagsráði: Fer ekki í mál við Reykjavík

**REYKJAVÍK** Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, fyrrverandi aðstoðarmaður Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra og stjórnarmaður í skipulagsráði, hefur ákveðið að fara ekki í mál við borgina, en henni var vikið úr skipulagsráði á dögnum með umdeildum hætti.

Dögg Pálsdóttir lögmaður hafði fært rök fyrir því að sveitarstjórnarlög hefðu verið brotin á Ólöfu, en það gæti þýtt að hún fengi dæmdar skaða- og miskabætur.

„Ég sagði á sínum tíma að mér þætti fróðlegt að láta skoða hvernig menn færu með vald, hvernig lýðræðislegar ákvarðanir eru teknar og hvernig farið er með

tjáningarfrelsið,“ segir Ólöf. Nú sé hins vegar kominn nýr borgarstjórnarmeirihluti og takmörk séu fyrir því sem leggja meg á Reyk-víkina.

„Ég hef ekki áhuga á því að auka við kostnað borgarbúa með málaferlum. Ég er ekki mikið fyrir það að horfa í baksýnispegilinn, heldur horfi ég til framtíðar,“ segir hún.

Ólöf var á sínum tíma tekin úr skipulagsráði eftir að hún lét þau ummæli falla að hún vildi kynna sér tillögu að Listaháskólanum, áður en hún myndaði sér skoðun á henni.

- kóp




ÓLÖF GUÐNÝ VALDIMARSDÓTTIR Segist hafa snúið sér að öðrum verkefnum og vill ekki velta sér upp úr fortíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Áhersla á skólamál, velferð og fjármál

Borgarbúar telja þrjú brýnustu mál nýs meirihluta borgarstjórnar vera skólamál, fjármál borgarinnar og velferðarmál, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Fæstir nefna umferðarmannvirki, umhverfismál og virkjanamál.



oftast skipulagsmál. Stuðningsfólk Samfylkingar nefnir oftast fjármál borgarinnar. Þá nefna kjósendur Frjálslynda flokksins oftast skipulagsmál og umhverfismál.

Kjósendur Samfylkingar, Vinstri grænna og þeir sem ekki gefa upp stuðning við stjórnmálaflokk nefna sjaldnast virkjanamál. Kjósendur Sjálfstæðisflokks nefna sjaldnast umhverfismál. Frjálslyndir telja sjaldnast upp umferðarmannvirki og framsóknarfólk nefnir sjaldnast

umhverfismál og umferðarmannvirki.

Hringt var í 600 kjósendur í Reykjavík laugardaginn 16. ágúst. Spurt var: Hver af eftirtöldum telur þú að séu þrjú brýnustu mál borgarstjórnar. Svarmöguleikar voru: almenningssamgöngur, fjármál borgarinnar, skipulagsmál, skólamál, umferðarmannvirki, umhverfismál, velferðarmál og virkjanamál. 93,7 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

Ólafur F. segir sjálfstæðismenn hafa viljað víkja sviðsstjóra frá:

## Þorbjörg segir Ólaf ljúga



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

beina öreynndum og lítt kunnandi formanni fagráðs. Fyrir þær sakir að segja henni aðeins til vildi Þorbjörg Helga láta reka einn af bestu starfsmönnum borgarinnar. Ég stóð gegn samhentum Sjálfstæðisflokki í þessu máli.

Þorbjörg Helga segir þetta vera ósatt. „Ég vísa því alfarið á bug að það hafi verið rætt að hún ætti að fara. Ég harma það að borgar-

stjóri skuli draga embættismenn borgarinnar inn í þennan pólitíska hitaleik. Það samræmist hvorki hlutverki hans né virðingu.“

Þorbjörg segir starfsmenn borgarinnar hafa staðið í ströngu í því pólitíska umróti sem verið hafi í borginni. „Þeir eiga frekar hrós skilið en að vera dregnir inn í pólitískar deilur. Ekki ætti að draga svona mál úr daglegum rekstri í umræðuna. Ólafur má gagnrýna mig sem pólitískan fulltrúa, en mér þykir sárt að hann hafi dregið starfsmenn borgarinnar inn í málið.“

Ekki náðist í Ragnhildi við vinnslu fréttarinnar. Hún staðfesti þó í fréttum Ríkisútvarpsins sjónvarps í gærkvöldi að samskiptaleysi hafi verið á milli hennar og Þorbjargar Helgu um ákveðnar framkvæmdir í vor.

- kóp

Úrræði fyrir heymarskert börn:

## Táknmálið má ekki gleymast

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það ætti að leyfa öllum heymarskertum börnum að verða tvítýngd með íslensku og táknmál sem sín móðurmál,“ segir Margrét Gígja Þórðardóttir, kennslustjóri hjá Samskiptamiðstöð heymnarlausra og heymnar-skertra.

Hún segir nauðsynlegt að greina heymnarlaus börn fyrr. „Það er þó ekki nóg að börnin fái heymnartæki eða kuðungsígræðslu. Við verðum að muna að börnin heyra samt ekki allt. Því getur táknmálið hjálpað þeim, sér í lagi ef heymnin versnar með aldrinum.“ Hún segir getu í táknmáli auk þess bæta kunnáttu þeirra í íslensku.

- ges

Talsmaður neytenda:

## Vill fella niður bókamúrinn

**NEYTENDUR** „Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti á bókum og annarri smávöru er oft margfalt minni en kostnaðurinn við að reikna þessi gjöld út,“ segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, sem hefur lagt til við fjármála-ráðherra að fella niður opinber gjöld á ódýrustu pökkunum sem koma til landsins í pósti. „Ísland er eina landið á EES-svæðinu án smápakkareglu,“ segir Gísli.

Tillaga Gísla kveður enda á um niðurfellingu þar sem virðisaukinn nemur fimm hundruð krónum eða minna.

„Markmiðið er að bæta hag neytenda og stuðla að aukinni skilvirkni póstverslunar og ekki síst að auka samkeppni í því skyni að lækka verð og breikka vöruúrval,“ segir Gísli.

- ges/hjú



GÍSLI TRYGGVASON



**REYKJANESBRAUTIN BREIKKUÐ** Skipulagsstofnun telur mikilvægt að þess sé gætt að hvorki hraun né forminjar raskist við framkvæmdirnar.

Tvöföldun Reykjanesbrautar:

## Brýnt að halda hraðanum niðri

**UMHVERFISMÁL** Tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð er ásætlanleg að mati Skipulagsstofnunar sem hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum.

Stofnunin hvetur til að aðgerðir til að draga úr rykmengun verði gerðar að skilyrði á framkvæmdatímanum. Þá er hætta á aukinni umferð við Hvaleyrarskóla. Stofnunin telur að aðgerðir til að halda umferðarhraða við skólann niðri séu afar brýnar til að slyshætta aukist ekki.

Gangi aðgerðir eftir býst Skipulagsstofnun við því að framkvæmdir í heild hafi jákvæð áhrif á umferðaröryggi.

- ht

### DÓMSTÓLAR

#### Gæsluvarðhald framlengt

Héraðsdómur hefur framlengt um fjórar vikur gæsluvarðhald yfir rúmlega tvítugum litháiskum karlmanni sem handtekinn var á Keflavíkurflugvelli 6. september með fíkniefni innvortis. Efnin reyndust vera á sjötta hundrað grömm af amfetamíni.

#### Sviptur í þrjá mánuði

Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur til að gæta sjötíu þúsund króna sekt í ríkissjóð, en hann ók bil undir áhrifum kannabísefna í febrúar. Maðurinn neitaði sök. Hann var jafnframt sviptur ökurétti í þrjá mánuði.



# Ótrúlegt verð

➔ **ÚLPUR**  
VERÐ FRÁ  
**3.999.-**

OPIÐ  
tíl **20**  
alla daga

## Mikið úrval af skólavörum



Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



VEISTU SVARID?

1 Hvernig fór leikur Íslendinga og Egypta í handknattleik á Olympíuleikunum?

2 Hver er að vinna plötu með Derek Sherinian sem hefur tekið upp plötur með Simon Philips, trommara Toto?

3 Hvað heitir forseti Georgíu?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Ólögmætar vítur forseta: Bæjarfulltrúar fáí siðareglur

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarráð Álfтанess hefur falið stjórnsýslu-nefnd og skrifstofustjóra bæjarins að móta tillögur um siðareglur sem bæjarfulltrúar eiga að fylgja í störfum sínum um málefni sveitarfélagsins.

„Skal nefndin leggja sig fram um að ná samstöðu fulltrúa beggja framboða um reglur sem hvetji til vandaðrar og málefna-legrar umræðu um sveitarfélag-ið,“ segir í frétt á heimasíðu Álfтанess þar sem tekið er fram að þetta sé ákveðið vegna úrskurðar samgönguráðuneytis-ins um að vítur sem Kristján Sveinbjörnsson, forseti bæjar-stjórnar, veitti Guðmundi Gunnarssyni, oddvita minnihluta Sjálfstæðisflokks, hafi verið ólögmætar.

- gar

8FRÉTTABLAÐIÐ19. ágúst 2008ÞRIÐJUDAGUR

Pervez Musharraf Pakistansforseti segir af sér:

# Forsetakjör innan mánaðar

**PAKISTAN, AP** „Ég vona að þjóðin og fólkið fyrirgefi mér mistök mín,“ sagði Pervez Musharraf þegar hann skýrði frá afsögn sinni í sjón-varpsávarpi í gærmorgun. Hann sagði þó öll sín verk hafa verið „í þágu þjóðarinnar og landsins“.

Musharraf hafði einangrast og sá sér ekki annað fært en segja af sér áður en ríkisstjórn landsins tækist að fá þingið til að svipta hann embætti. Musharraf komst til valda í stjórnarbyltingu árið 1999 og andstæðingar hans segja hann hafa staðið í vegi fyrir þróun lýðræðis.

„Stærstu hindruninni hefur nú verið rutt úr vegi lýðræðis,“

**KVEÐUR AÐ HERMANNASÍÐ** Pervez Musharraf á leið út úr forsetabústaðnum í Islamabad, eftir að hafa tilkynnt um afsögn sína í gær.

sagði Biliwal Bhutto Zardari, sonur hinnar myrtu Benazir Bhutto og væntanlegur arftaki

hennar sem leiðtogi annars stjórnarflokksins.

Samkvæmt stjórnarskrá Pakistans þarf að kjósa nýjan forseta innan mánaðar. Alger óvissa er um það hver arftaki Musharrafs gæti orðið. Hvorki Nawaz Sharif né Asif Ali Zardari, leiðtogar stærstu flokka landsins, hafa látið í ljós vilja til framboðs. Þeir hafa hins vegar sagst ætla að gera embættið veigaminna en það hefur verið í meðförum Musharrafs.

Musharraf missti áhrifavald sitt á síðasta ári þegar hann rak dóm-ara úr hæstarétti og setti umdeild neyðarlög til að reyna að halda völdum.

- gb

**SÖGUFÉLAG DALAMANNA:** Minnisvarði um þrjú skáld

**STRANDIR** Minnisvarði um skáldin Stefán frá Hvítadal, Stein Steinarr og Sturlu Þórðarson verður afhjúp-aður við Tjarnarlund í Saurbæ í Dölum á laugardag. Þetta kemur fram á Strandavefnum, strandir.is.

Í ár eru hundrað ár liðin frá fæðingu Steins Steinars og 75 ár frá andláti Stefáns frá Hvítadal. Þeir voru fæddir á Ströndum. Staðsetning minnisvarðans, sem gerður er af Jóni Sigurpálssyni, er sögð valin með hliðsjón af því að frá staðnum sér heim að þeim þremur bæjum sem skáldin tengjast.

Sögufélag Dalamanna stendur fyrir verkefninu.

- kg

Læknir segir ekkert óeðlilegt við meðferð Guðrúnar: Forseti tjáir sig ekki um dagbókaskrif Matthíasar

**FIJLMIDLAR** „Forsetinn tjáir sig ekki um rangfærslur af þessu tagi sem koma fram í tveggja manna tali,“ sagði Örnólfur Thorsson, skrifstofustjóri forsetaembættis-ins, þegar leitað var eftir við-brögðum við dagbókarfærslum Matthíasar Johannessen, fyrrver-andi ritstjóra Morgunblaðsins.

Í skrifum Matthíasar frá árinu 1998, sem Matthías birti á vefsíðu sinni um helgina, er haft eftir Svavari Gestssyni, fyrrverandi formanni þingflokks Alþýðu-bandalagsins, að í stjórnartíð Ólafs hafi verið eytt mjög í nafni flokksins.

Í færslunum kemur einnig fram að reikningur vegna læknismeð-ferðar Guðrúnar Katrínar Þor-bergsdóttur, eiginkonu Ólafs, hafi valdið uppnámi. Meðal annars hefur Matthías það eftir Davíð Oddssyni, sem er sagður hafa haft miklar áhyggjur af því hver ætti að borga reikninginn.

Í samtali við visir.is í gær hafn-aði Páll Torfi Ónundarson læknir, sem annaðist forsetafrúna í veik-indunum, því að nokkuð óeðlilegt hefði verið í tengslum við greiðsl-ur á læknismeðferð hennar. Umsókn hafi verið send til nefnd-ar innan Tryggingastofnunar þar sem tekin var ákvörðun um hvort íslenskir skattborgar ættu að borga fyrir læknismeðferð erlend-is eins og venja hafi verið. Umsóknin hefði því næst verið samþykkt.

- kdk

**MATTHÍAS JOHANNESSEN** Matthías vísar til trúnaðarsamtala sem hann átti við Svavar Gestsson og Hjörleif Guttormsson á heimasíðu sinni og segir þá hafa talað illa um Ólaf Ragnar Grímsson sem formann Alþýðubandalagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

# Trúnaður fyrnist til að segja söguna

Matthías Johannessen segir dagbókarfærslur ekki þjóna pólitískum tilgangi. Hann hafi skrifað eins og hann sannast vissi, enda ljúgi enginn að dagbókinni sinni. Hann segir trúnaðarsamtöl fyrnast.

**FIJLMIDLAR** „Ég skrifa það sem ég veit sannast enda lýgur enginn að dagbókinni sinni,“ segir Matthías Johannessen, rithöfundur og fyrr-verandi ritstjóri Morgunblaðsins, um dagbókarfærslur sínar frá árinu 1998. Færslurnar setti Matthías inn á vefsíðu sína matthias.is um helgina.

Í dagbókarskrifunum er meðal annars vitnað til trúnaðarsamtala Matthíasar og Svavars Gestssonar frá þeim tíma um stöðu Alþýðu-bandalagsins eftir formannstíð Ólafs Ragnars Grímssonar, núver-andi forseta. „Það eru ósköp að hlusta á þá Alþýðubandalagsmenn tala um fyrrum foringja sinn, Ólaf Ragnar Grímsson,“ segir Matthías og vitnar því næst í ummæli Hjör-leifs Guttormssonar og Svavars Gestssonar um Ólaf. Meðal þess sem hermt er eftir Svavari er: „Hann segir að Ólafur hafi verið slæmur í peningamálum þegar hann var formaður Alþýðubanda-lagsins. Þá hafi hann haft Einar Karl Haraldsson að hjálparkokki. Hann hafi komið sér upp Visa-gullkort í nafni Alþýðubandalags-ins og notað það óspart.“

Því næst segir hann: „Þegar Margrét Frimannsdóttir tók við flokknum bárust henni reikningar eins og skæðadrífa og hún vissi ekki sitt rjúkandi ráð. Það var við-skilnaður Ólafs Ragnars.“ Þá segir að Ólafur hafi gert samning við Landsbankann um að Alþýðu-bandalagið fengi 107 milljóna króna lán. Bankinn hafi þó þurft að afskrifa skuldina síðar.

Margrét staðfesti í samtali við Fréttablaðið að skuldir bandalags-ins hefðu verið mun meiri en hún

**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**

**MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR**

**EINAR KARL HARALDSSON**

hefði átt von á þegar hún tók við embætti og verið yfir 50 milljónir króna. Hún segist þó ekkert kannast við að Lands-bankinn hafi þurft að afskrifa eftirstöðvar meintrar 107 milljóna króna skuldar Ólafs.

Einar Karl, fyrrverandi framkvæmda-stjóri Alþýðu-bandalagsins og núverandi ráð-gjafi iðnaðar-ráðherra, segir rekstur Alþýðu-bandalagsins ekki hafa verið til fyrirmyndar. Ekkert óeðlilegt hafi þó átt sér stað.

Matthías þvertur fyrir að færslurnar eigi að þjóna pólitískum til-gangi og segist ekki lífa svo á að hann sé að brjóta trúnað við þá sem vitnað er til í færslunum. „Það sem eitt sinn var trúnaðar-samtal er það ekki löngu seinna, þá yrði aldrei til nein saga,“ segir hann.

EKKI NÁÐIST Í SVAVAR GESTSSON ÞRÁTT FYRIR ÍTREKAÐAR TILRAUNIR.

karen@frettabladid.is

# RISAÚTSALA Í NÍTRÓ!

**Verðdæmi**  
**Kawasaki**  
Vulcan 900 Custom '08  
~~1.190.000~~  
**990.000 kr.**

**Verðdæmi**  
**Kawasaki**  
ZX-6R '08  
~~1.410.000~~  
**1.269.000 kr.**

**Verðdæmi**  
**HUSABERG**  
FE 450 '08  
~~1.190.000~~  
**830.000 kr.**

N1 VERSLUN BÍLD SHÖFÐA 9 REYKJAVÍK. SÍMI 440 1220. WWW.NITRO.IS  
Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum.



# Kanaríveisla

í janúar og febrúar

**Aðeins 250 sæti**  
**á einstökum kjörum!**  
Takmarkað sæta- og gistiframboð á sértíðboðskjörum  
á hverri dagsetningu.

Ótrúleg sértíðboð

frá **59.950 kr.\***

Tryggðu þér lægsta verðið og vinsælustu gististaðina!

Bókaðu núna á  
[www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

Heimsferðir bjóða ótrúleg sértíðboð á ferðum til Kanarí í janúar og febrúar. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vetrarfrí í sólinni á hreint frábærum kjörum. Mjög takmarkaður fjöldi flugsæta og gistingar í boði á hverri dagsetningu – þannig að það er um að gera að bóka strax. Fjölbreytt úrval gististaða í boði!

**Jólaferð 20. des. – UPPSELT**  
**Jólaferð 19. des. – AUKAFLUG**

Frábært  
úrval  
gistingar

**NÝR VALKOSTUR**  
Huggulegar íbúðir – góður aðbúnaður!



**Turbo Club Apartments**

ALLT INNIFALIÐ

Ótrúlegt verð!  
**Frá kr. 69.990**

– vikufé með allt innifalið  
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og  
2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku 21. og 28. janúar.



Fjölbreytt þjónusta

Góð staðsetning  
Stór og fallegur hóteldgarður  
2 sundlaugasvæði  
Góð sólbaðsaðstaða  
Nuddpottur  
Mini-golf  
Tennisvöllur  
Barnaklúbbur  
Frí hótelskutla  
Skemmtidagskrá  
Internetaðstaða  
Veitingastaður  
Bar ... o.fl., o.fl.



**Parquesol**

– Smáhýsi með 2  
svefnherbergjum  
Frábærlega staðsett – endurnýjuð 2006  
– mjög góður kostur!


**Frá kr. 59.950**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og  
2 börn, 2-11 ára, í smáhýsi m/2 svefn-  
herbergjum í viku. Sértíðboð 21. og 28.  
janúar eða 4. og 11. febrúar.  
8 náttu ferð 4. jan. kr. 6.100 aukalega.  
9 náttu ferð 12. jan. kr. 7.800 aukalega.

– Smáhýsi með 1 svefnherbergi

**Frá kr. 69.990**

Netverð á mann, m.v. 2 í smáhýsi m/1  
svefnherbergi í viku. Sértíðboð 21. og  
28. janúar. 8 náttu ferð 4. jan.  
kr. 4.800 aukalega. 9 náttu ferð  
12. jan. kr. 7.600 aukalega.



**Parquemar**

– Stúdíó  
Einfaldur kostur á frábærum kjörum!

**Frá kr. 59.990**

Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó í  
viku. Sértíðboð 21. og 28. janúar.  
8 náttu ferð 4. jan. kr. 4.000 aukalega.  
9 náttu ferð 12. jan. kr. 5.900  
aukalega.



**Los Tilos**

– Íbúðir með 1 svefnherbergi  
Ein vinsælasta íbúðagistingin á  
Kanarí!

**Frá kr. 69.990**

Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð í viku.  
Sértíðboð 21. og 28. janúar eða  
4. febrúar. 8 náttu ferð 4. jan.  
kr. 2.200 aukalega. 9 náttu ferð  
12. jan. kr. 4.500 aukalega.



**Liberty**

– Íbúðir með 1 svefnherbergi  
Fallegar og nýlega endurnýjaðar  
íbúðir á frábærum stað!

**Frá kr. 78.700**

Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð í viku.  
Sértíðboð 21. og 28. janúar eða  
4. og 11. febrúar. 8 náttu ferð 4. jan.  
kr. 5.200 aukalega. 9 náttu ferð  
12. jan. kr. 8.300 aukalega.



**Hotel Eugenia Victoria**

– Hótélherbergi með allt  
innifalið

Eitt vinsælasta hótelið – góð gisting!

**Frá kr. 89.990**

Netverð á mann, m.v. gistingu í  
tvíbýli með allt innifalið í 8 nætur.  
Sértíðboð 4. janúar.

Tryggðu þér sæti – bókaðu strax!



**Heimsferðir**

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)





**ÓFRÝNILEGUR Á LETIDEGI** Leikarinn Diego Ramirez þótti heldur ófrýnilegur þegar hann kom fram á svokölluðum letidegi, sem haldinn var í Itagui í Kólmúbú nú um helgina.

NORDICPHOTOS/AFP

Umdeild hjónavígsla:

## Konur sáu um brúðkaupið

**INDLAND, AP** Nokkur tímamót í sögu íslamskra kvenna á Indlandi urðu nú um helgina þegar hin 28 ára gamla Naish Hasan og hinn 41 árs gamli Imran Ali gengu í hjónaband í Lucknow, höfuðborg héraðsins Uttar Pradesh.

Hjá múslimum er rík hefð fyrir því að karlmaður sjái um hjónavígsluna og að fjórir vottar að undirskrift brúðkaupssáttmálans séu einnig karlkyns. Í brúðkaupi þeirra Hasan og Alis var það hins vegar kona sem sá um framkvæmdina og vitnin fjögur voru öll konur.

Brúðurin, Naish Hasan, er mikil baráttukona fyrir réttindum kvenna, en athöfnin hefur valdið töluverðum usla í samfélagi múslima á Indlandi.

- gb

# Reyna að hjálpa flóttamönnum

Mamuka Kvaratskhelia íþróttafréttamaður segir að ótti ríki meðal Georgíumanna eftir stríðið við Rússa. Ástandið sé skelfilegt. Allir reyni að hjálpa flóttamönnum, útvega mat og nauðsynjar. Hann skýtur skjólshúsi yfir ættingja sína.

**GEORGÍA** Örbirgð ríkir meðal flóttamanna og íbúa í Georgíu eftir átök-in þar í landi undanfarna viku. Rússneski herinn er enn í landinu og hafa verið framin rán og skotárásir á almenna borgara og fréttamenn. Mamuka Kvaratskhelia, íþróttafréttamaður og starfsmaður Alþjóða knattspyrnusambandsins, segir að rússneskir hermenn hafi rænt öllu steini léttara og kveikt í húsum þar sem þeir hafa farið um.

Mamuka segir að ástandið sé örlítið skárri en það var meðan stríðið var í algleymingi en það sé þó enn afar slæmt. Georgíumenn séu fullir af ótta og áhyggjum af framtíðinni. Tugþúsundir flóttamanna séu í Tíblisi og allir reyni að hjálpa þeim eins og best þeir geta. Sjálfur hefur hann reynt eftir fremsta megni að aðstoða ættingja sína frá Gori, borginni þar sem bardagarnir voru einna harðastir, og eiginkona hans hefur lagt sitt af mörkum í hverfisskólanum þar sem flóttamenn búa.

„Ættingja mínir frá Gori eru hér heima hjá mér og ég er að gera mitt besta til að útvega þeim föt, mat og aðrar nauðsynjar,“ segir Mamuka. „Fleiri ættingjar mínir eru hér í Tíblisi og ég reyni að hjálpa þeim en því miður er ég bíla-laus eftir að ráðist var á mig í júní og bílnum mínum rænt svo að ég verð að treysta á vini mína og við reynum að gera okkar besta.“

Rússneskir hermenn voru enn í



**REIÐUBÚIN AÐ HLAUPA** Mamuka Kvaratskhelia, starfsmaður Alþjóða knattspyrnusambandsins, var með fjölskyldu sinni í sumarhúsi skammt frá átökunum í Georgíu síðustu daga. Hann segir þau hafa verið reiðubúin að hlaupa inn í skóg ef hættu bæri að höndum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GHS

Gori í gær en vonir stóðu til að þeir drægju sig til baka í dag. „Rússar eru eins og soltin svín. Þeir éta allt sem að kjafti kemur, ræna og rupla hvar sem þeir koma,“ segir Mamuka ómyrkur í máli.

Mamuka var ásamt fjölskyldu sinni í sumarhúsi fjölskyldunnar uppi í Kákasus-fjöllunum aðeins einn kílómetra frá hraðbrautinni frá Tíblisi til Rússlands og nokkra kílómetra frá Suður-Ossetíu þegar stríðið skall á. Hann segir að rússneskar herflugvélar hafi flogið „yfir okkur fjórum eða fimm sinn-um á hverri nóttu. Vegatálmar

voru á öllum vegum og erfitt að fara um. Við héldum til í sumarhúsinu og vorum tilbúin til að hlaupa strax inn í skóg ef eitthvað gerðist. Við töldum að það gæti gerst hvenær sem var,“ segir hann.

Bandarískar flugvélar hafa komið með neyðaraðstoð til Tíblisi síðustu daga og Mamuka segir að það komi sér vel. Georgíska þjóðin sé sameinuð að baki forseta sínum, Mikhaíl Saakashvili. Bandaríkin og bandamenn þeirra verði að þrýsta á Rússa að fara burt frá Georgíu.

ghs@frettabladid.is

Ökumaður dráttarbíls kærður:

## Sex ferðamenn á bílpallinum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi hefur kært ökumann dráttarbíls fyrir að hafa á palli sínum jeppa fullan af fólki.

Tilkynnt var um ferðir bílsins á fimmtudag. Lögreglan stöðvaði hann við Þjórsá og kom þá í ljós að ökumaðurinn hafði verið að sækja jeppann, sem var bilaður, og flytja hann til Reykjavíkur. Farþegar jeppans höfðu hins vegar ákveðið að fá far og sátu sem fastast inni í bílnum uppi á pallinum. Í jeppanum, sem ætlaður er fyrir fimm manns, voru sex ferðamenn og deildu tveir með sér einu öryggisbelti.

Athæfi sem þetta er ólöglegt. - sh



**HÚSNÆÐISMARKAÐURINN** Fleiri fá nú lán hjá lífeyrissjóðunum en oft áður.

Fleiri fá lán hjá lífeyrissjóðum:

## Fjórtán milljarðar lánaðir

**HÚSNÆÐISMÁL** Stærstu lífeyrissjóðir landsins lánuðu fjórtán milljarða króna til sjóðsfélaga fyrstu sjö mánuði ársins. Á sama tímabili lánaði Íbúðalánasjóður 33 milljarða. „Aukningin kemur fyrst og fremst til vegna þess að erfiðara er fyrir einstaklinga að fá lán í bönkum,“ segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Var 49 kaupsamningum þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku, en þeir voru 99 á sama tíma á síðasta ári.

- ht

[www.toyota.is](http://www.toyota.is)

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU Á BETRA TILBOÐI EN AÐRIR



### Hyundai H-1

7 manna  
2500 Dísel 5 gíra  
Á götuna: 07.00 Ekin: 150.000 km  
Verð: 1.150.000 kr. Skr.nr. NP-932  
**Tilboð: 750.000 kr.**



### Hyundai Santa Fe

2000 Dísel sjálfsk.  
Á götuna: 12.04 Ekin: 144.000 km  
Verð: 2.270.000 kr. Skr.nr. AN-398  
**Tilboð: 1.750.000 kr.**



### Hyundai Terracan

2900 Dísel sjálfsk.  
Á götuna: 10.04 Ekin: 65.000 km  
Verð: 3.150.000 kr. Skr.nr. MX-711  
**Tilboð: 2.290.000 kr.**



### Hyundai Tucson

Leður, topplúga, A/C filmur, álfelgur  
2000 Dísel 6 gíra  
Á götuna: 11.07 Ekin: 16.000 km  
Verð: 3.790.000 kr. Skr.nr. OSY-20  
**Tilboð: 3.090.000 kr.**



### Nissan Navara D/C

Heitklæðning í palli, beisli  
2500 Dísel sjálfsk.  
Á götuna: 12.05 Ekin: 88.000 km  
Verð: 3.490.000 kr. Skr.nr. VA-129  
**Tilboð: 2.650.000 kr.**



### BMW X5

3000 Bensín sjálfsk.  
Á götuna: 05.06 Ekin: 36.000 km  
Verð: 6.890.000 kr. Skr.nr. US-638  
**Tilboð: 5.990.000 kr.**

### BNB-sölugreining

Bílarirnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL







## „ORÐRÉTT“

## Toppurinn

„Það er ekki hægt að komast mikið hærra í þessu. Það hverfur allt egó út um gluggann í einum grænum, maður fyllist bara auðmýkt.“

GUNNAR WAAGE TROMMULEIKARI SEM HYGÐUR Á PLÖTUGERÐ MEÐ VIRTUM UPPTÖKUSTJÓRA

Fréttablaðið, 18. ágúst

## Botninn

„Framvindan er órökleg og óáhugaverð, en fyrst og fremst metnaðarlaus og það er um miðja mynd sem endanlega rennur upp fyrir manni hvers konar myndskrípi er hér á ferðinni.“

HEIÐA JÓHANNSDÓTTIR KVIK-MYNDAGAGNRYNANDI UM THE X FILES: I WANT TO BELIEVE

Morgunblaðið 18. ágúst

# tilveran

nær og fjær

## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? MATTHÍAS MATTHÍASSON, TÓNLISTARMAÐUR

## Fer með Vegginn til Færeyja

„Ég er nýbúinn að klára þessa frábæru Fiskidagshelgi,“ segir Matthías Matthíasson, tónlistarmaður. „Ég vil meina að þetta hafi verið best heppnaði Fiskidagurinn frá upphafi, um þrjátíu og fimm þúsund manns mættu í fyrra og þessi hátíð var vist stærri en það.“ Matthías segist nú vera að safna kröftum á ný. Nóg hafi verið að gera undanfarnar vikur, verslunarmannahelgin og svo Fiskidagurinn hafi tekið á.

„Svo er ég á fullu að undirbúa Færeyjaferð með Dúnudurfréttum í október þar sem við erum að fara að flytja tónverkið The Wall eftir Pink Floyd með Sinfóníuhljómsveit Færeyja. Við verðum þarna í Færeyjum í viku, að æfa með sinfóníuhljómsveitinni og svo spilum við á tvennum tónleikum

í Norræna húsinu í Færeyjum, held ég frekar en íþróttahúsinu.“

Matthías segir tónleikana þannig til komna að Bernharður Wilkinson, stjórnandi hjá sinfóníunni hafi komið með þessa hugmynd. „Hann stjórnaði þessu hjá okkur í fyrra þegar við spiluðum The Wall í Laugardalshöllinni með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann er að stjórna Sinfóníuhljómsveit Færeyja og spurði hvort við værum ekki til í að gera þetta með þeim líka. Svo úr varð að við erum að fara til Færeyja. Sinfóníuhljómsveit Færeyja er vist alveg frábær hljómsveit, enda mikil tónlistarhefð í Færeyjum.“

Matthías segist aldrei hafa komið til Færeyja. „En ég hlakka mikið til. Það verður gaman að skoða Færeyjar og spila fyrir Færeyinga.“



## TÖLVAN

### FIMM ÞÓTTU DUGA

■ Árið 1943 sagði Thomas J. Watson, stjórnarformaður IBM, í viðtali að hann teldi aðeins vera markað fyrir fimm tölvur í heiminum. Nú, 65 árum síðar, er talið að hundruð milljóna einkatölva seljist á hverju ári. Leibniz og Pascal tóku stórt skref í þróun tölvunnar þegar þeir fundu upp sjálfvirkar reiknivélar á 17. öld. Mörg stór skref hafa verið tekin síðan, þau stærstu líklega þegar smárin (e. transistor) var fundinn upp árið árið 1947 og framleiðsla örflögunnar á sjötta áratugnum.



## SJÓNARHÓLL

NÝR BORGARSTJÓRNARMEIRIHLUTI



INGI BJÖRN GUÐNASON  
verkefnastjóri

## Sorglegt ástand

„Þetta kemur ekki á óvart, Framsóknarflokkurinn er tilbúinn að stökkva upp í hvaða ból sem er,“ segir Ingi Björn Guðnason, verkefnastjóri hjá Háskólasetri Vestfjarða, um nýjan borgarstjórnarmeirihluta í Reykjavík. „Ástandið er náttúrulega bara sorglegt og hvernig borgarmálin hafa þróast. Staðan er búin að vera furðuleg frá því hundrað daga meirihlutinn sprakk og maður er kominn með nett leið á þessu rugli. Mér finnst svo þessi nýi meirihluti alveg jafn líklegur til að springa eins og síðustu meirihlutar.“

Ingi Björn vill þó reyna að líta á björtu hliðarnar. „Það var búið að láta brjóstmyndasmiðinn vita að hann þyrfti að gera brjóstmynd af Hönnu Birnu svo það er ekki auka-kostnaður þar. Sem næsti borgarstjóri fór hún bara í röðina. Svo lengi sem það þarf ekki að gera brjóstmynd af Óskari Bergssyni líka þá sleppur þetta kannski bara.“



POLARSTERN VIÐ SKARFABAKKA Polarstern er öflugur ísbrytjur og getur starfað í allt að fimmtíu stiga frosti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Stefnt á Norður-Íshafið

Skipið Polarstern lagði úr höfn í Reykjavík í síðustu viku til rannsókna á Norður-Íshafinu. Vísindamenn skipsins hafa kortlagt breytingar á norðurslóðum sem tengjast loftslagsbreytingum. Þróunin gæti haft mikil áhrif á lífríki við Ísland.

Hið fræga þýska rannsóknarskip Polarstern lagði úr höfn í Reykjavík í síðustu viku til áframhaldandi rannsókna á norðlægum hafstraumum.

Skipið er gert út á vegum Alfred Wegener póla- og hafrannsóknarstofnunarinnar og er eign þýska menntamálaráðuneytisins. Hundruð vísindamanna frá ýmsum þjóðlöndum hafa stundað

rannsóknir um borð í skipinu í tugum rannsóknarferða á 26 ára líftíma skipsins.

„Nú stendur yfir 23. rannsóknarferð okkar um norðurskautsvæðið,“ segir Uwe Pahl, skipstjóri Polarstern. Skipið er nýkomið frá Austur-Grænlandi en heldur nú til Norður-Íshafsins.

Áhugi á norðurslóðum hefur aukist mikið síðustu ár í tengslum við umræðu um loftslagsbreytingar. Bráðnun íss á norðurskautinu gæti meðal annars haft mikil áhrif á auðlindanýtingu og skipaferðir um svæðið. „Nær öll ríki sýna nú málefnum norðurslóða aukinn áhuga,“ segir Pahl.

Nær öruggt er að í ár verði minni ís við norðurskautið en árið 2005, sem er það ár sem næst minnst hefur mælst af ís við skautið. Minnstur ís mældist í fyrra. „Við misstum gríðarlegt ísmagn árið 2007,“ segir Gerhard



UWE PAHL

GERARD KATTNER

Kattner, yfirvísindamaður Polarstern. „Það eru vísindamenn sem telja að árið 2020 verði norðurskautið íslaut að sumri til. Þegar ísinn bráðnar dregur úr endurvampi sólarljóss sem veldur aukinni hitun vatnsins. Það eykur svo aftur bráðnun íssins.“

Bráðnun íssins getur haft mikil áhrif á lífríkið, meðal annars sökum þess að þörungagróður eykst þegar vatnið er ekki lengur í skugganum af ísnum. En

bráðnunin kemur líka til með að hafa áhrif á starfsemi manna.

„Með íslausu norðurskauti verður mikið um skipaumferð,“ segir Kattner. „Menn bíða líka eftir að nýta auðlindir norðurslóða. Þar er að finna mikið af jarðgasi og olíu.“

Vísindamenn á Polarstern hafa rannsakað áhrif loftslagsbreytinga á hafstrauma. Kattner segir að dregið gæti úr streymi Golfstraumsins eða hann skipt um stefnu. Það gæti meðal annars valdið kólnun í Norður-Evrópu. En hann leggur þó áherslu á að það sé langt í að af þeim breytingum yrði.

Nær í tíma eru tilfærslur á náttúrulegum auðlindum sjávar. „Þið eruð núna með nýjar fiskitegundir við Ísland,“ segir Kattner og tekur aukningu makrils við Ísland sem dæmi. „Á sama tíma færa aðrar tegundir sig lengra norður.“

gunnlaugurh@frettabladid.is

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



LATABÆJARHLAUPIÐ Viku fyrir hlaup hafa tuttugu sinnum fleiri börn skráð sig til leiks en í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Latabæjarhlaupið trekkir að:

## Metþátttaka í maraþoni

„Það stefnir í metþátttöku í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis,“ segir Frimann Ari Ferdinandsson, framkvæmdarstjóri hlaupsins. „Þegar vika var í hlaupið höfðu um tuttugu prósentum fleiri skráð sig en um svipað leyti í fyrra.“ Hann segir þó ekki útséð um fjölgun. „Veðrið getur sett strik í reikninginn og eins getur verið að fólk

sýni meiri fyrirhyggju í ár og skrái sig fyrr og lækki þannig skráningargjöldin.“

Í fyrra tóku hálft tólfta þúsund hlaupara þátt, þar af liðlega 4.400 börn sem spreyttu sig í Latabæjarhlaupinu. Fjölgunin hefur verið mest hjá börnunum en þau eru nærri tuttugu sinnum fleiri.

- ges

Menningarnótt:

## Opið hús hjá ráðuneyti

Utanríkisráðuneytið ætlar að taka þátt í menningarnótt um næstu helgi og verður þannig fyrsta ráðuneytið til þess að taka þátt í hátíðinni.

Ráðuneytið hefur ákveðið að hafa opið hús á laugardaginn frá klukkan tvö til klukkan sex. Fólk getur þá meðal annars kynnt sér starfið sem unnið er í ráðuneytinu og skoðað skrifstofu ráðherra. Þá verður einnig boðið upp á fyrirlestra um helstu verkefni utanríkisþjónustunnar auk þess sem friðargæslan hefur sett upp sérstaka sýningu. Eftir að menningarnótt lýkur mun sýning friðargæslunnar verða sett upp víðs vegar um land. Þá verða listaverk til sýnis, meðal annars ljósmyndir Páls Stefánssonar frá Íslandi og Afríku.

- þeb



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ Á menningarnótt verður opið hús í ráðuneytinu.



# ÚTSALA REKKJUNNAR

HEILSUKODDAR  
ALLT AÐ  
**50%**  
AFSLÁTTUR

SÆNGURVER  
**30%**  
AFSLÁTTUR

# 10-60% AFSLÁTTUR!

SVEFNSÓFAR  
ALLT AÐ  
**30%**  
AFSLÁTTUR

SÝNINGARÚM  
OG HÚSGÖGN  
**50%**  
AFSLÁTTUR

PRÝSTJÖFNUNAR-  
SVAMPSRÚM  
(Queen Size 153x203)  
FRÁ kr.  
**86.400**

FJÖLSTYLLANLEG  
HEILSURÚM  
ALLT AÐ  
**30%**  
AFSLÁTTUR

Rúm með latex-heilsudýnu  
Almennt verð kr. 247.108  
**ÚTSÖLUVERÐ Kr. 190.100**

COMFORT  
solutions®  
By King Koil®

KING KOIL  
(Queen Size 153x203)  
FRÁ kr.  
**89.900**

## rekkjan



# SUBARU GERIR

KYNNTU ÞÉR **ÓTRÚLEGT VERÐ** Á NÝJUM SUBARU

Margir velja SUBARU vegna þess að hann bilar svo sjaldan. Enn fleiri velja SUBARU vegna þess að hann er fjórhjóladrifinn, öruggur, með ríkulegan staðalbúnað og á hagstæðu verði en flestir velja SUBARU vegna alls þessa og þeirrar staðreyndar að SUBARU er góður í endursölu. Við bjóðum nú takmarkað magn af SUBARU bílum á sérstökum kjörum. SUBARU GERIR BETUR!

**HAFÐU SAMBAND VIÐ  
SÖLUMANN Í SÍMA 525 8000**




## Subaru Legacy

Subaru Legacy er sérlega vel búinn og flottur bíll á hreint ótrúlegu verði. Legacy er fjórhjóladrifinn og hlaðinn búnaði sem gerir hann að langbestu kaupnum í sínum flokki. Gerðu samanburð – það borgar sig.



## Subaru Impreza

Fjórhjóladrifinn Subaru Impreza er einn hagkvæmasti bíll sem völ er á. Hann er hlaðinn búnaði en á svipuðu verði og hefðbundnir bílar sömu stærðar. Ef þú velur Subaru Impreza færðu fjórhjóladrifið í kaupbæti.



## SUBARU BOXER

Lárétta Subaru BOXER vélin er einstök í hönnun. Strokkarnir liggja sitthvorum megin við sveifarásinn og á milli þeirra er þráðbein lína sem minnkar titring og tryggir hnökralausa hraðaaukningu. BOXER vélin situr ennfremur lægra í vélarrúminu en gengur og gerist, sem lækkar þyngdarpunkt bifreiðarinnar og eykur stöðugleikann til muna.





# GERIR BETUR



MARKAÐUR  
DI BÍLA



FRÍTT Í STÆÐI

## Subaru Justy

Justy fékk í vor umhverfissvæna stimpilinn sem gerir eigandanum kleift að leggja frítt í stæði í miðbænum á höfuðborgarsvæðinu. Hann er litill og nettur og mengar lítið. Framhjóladrifinn Subaru Justy er einn af fullkomnu borgarbilunum.



## SÉRSTAÐA SUBARU

Subaru er með AWD sidrif – alltaf með drif á öllum hjólum. Þetta gerir hann góðan í snjó og á erfiðum vegum en þýðir líka að hann lætur frábærlega að stjórn í venjulegum akstri. Boxer vélin er hönnunarafræk út af fyrir sig. Hún liggur lárétt í vélarrúminu og er því með lágan þyngdarpunkt sem eykur jafnvægi bílsins og margfaldar eiginleika AMD-sidrifsins.





KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15

4.398 +1,94%

Fjöldi viðskipta: 296

Velta: 3.513 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ EXISTA +6,81%

FÖROYA BANKI +4,64%

STRAUMUR-B.ÁS +3,95%

MESTA LÆKKUN

↓ BAKKAVÖR -0,34%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,79 +0,44% ... Atorka 5,45 +0,18% ... Bakkavör 29,70 -0,34% ... Eimskipafélagið 14,20 +0,35% ... Exista 9,26 +6,81% ... Glitnir 15,75 +1,61% ... Icelandair Group 17,70 +0,00% ... Kaupþing 729,00 +1,53% ... Landsbankinn 24,40 +2,09% ... Marel 88,40 +1,61% ... SPRON 3,95 +0,00% ... Straumur-Burðarás 9,75 +3,95% ... Össur 91,00 +1,56%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

## Peningaskápurinn ...

**Forstjórar styðja McCain ...**  
Forstjórar hundrað stærstu fyrirtækja Bandaríkjanna eru mun hrifnari af John McCain en Barack Obama, í það minnsta ef eitthvað er að marka tölur um fjárframlög þeirra til forsetaframbjóðendanna. Samkvæmt bandaríska dagblaðinu The Hill gáfu forstjórnarnir tíu sinnum meira til McCain en Obama. Það er engan veginn sjálfgefið að forstjórar styðji frambjóðanda repúblikana: Fyrir fjórum árum gáfu forstjórar stærstu fyrirtækjanna til dæmis nærri jafn mikið til George Bush og John Kerry.

Sumir telja að þessi munur skýrist af stefnu McCains í skattamálum, en hann hefur lofað stórum skattalækkunum til stórfyrirtækja og tekjuhærri skattgreiðenda. Obama hefur hins vegar sagst ætla að hækka



skatta á hátekjufólk, en lækka skatta á millistéttafólk og almennt launafólk. Talsmaður McCains hefur hins vegar staðhæft að þessar tölur sýndu að framámenn atvinnulífsins sæju að skattastefna McCains væri líklegri til að ýta undir hagvöxt.

**... og fjármálamenn Obama.**  
Þetta er hins vegar eitthvað málum blandið, því tölur sem Bloomberg fjallaði um í síðustu viku sýna að starfsmenn fjármálafyrirtækja gefa meira til Obama en McCain. Þetta vekur athygli, því fjármálamenn hafa yfirleitt stutt repúblikana. Bush hafði til dæmis mikið forskot á Kerry meðal starfsmanna Wall Street. Þá eru demókratar líklegri til að setja nýjar og strangari reglur um fjármálamarkaði.

**Spá 37 prósentu hækkun Marel**  
Tölf mánaða markgengi hluta-bréfa Marel Food Systems er 121,2 krónur á hlut í nýrri greiningu Landsbankans. Það er 37 prósentu hækkun frá lokagengi gær dagsins.

Spá greiningardeildarinnar er staðfesting á fyrri spá sem birt var um miðjan maí. Gengi bréfa Marel Food Systems hækkaði um 1,61 prósent í gær, endaði í 88,4 krónum á hlut.

Í greiningu bankans er mælt með kaupum í félaginu. Gert er ráð fyrir hækkandi hlutfalli rekstrarhagnaðar (EBIT-framlegð) sem talið er verða 8,7 prósent í ár, eða rétt undir 9,0 prósentu yfirlýstu markmiði félagsins.

- óká

## Danice í startholunum

„Við byrjum að leggja strenginn frá Danmörku í næstu viku,“ segir Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice, um nýjan fjarskiptasæstreng fyrirtækisins, Danice.

Í næsta mánuði verður síðan byrjað að leggja strenginn héðan, frá Landeyjum. Hugmyndin er síðan að endarnir mætist norðaustur af Færeyjum í nóvember. Undanfarið ár hefur verið unnið að því að búa strenginn til.

„Þetta er allt á áætlun hjá okkur,“ segir Guðmundur, en áætlað er að gögn fari að streyma um strenginn í janúar.

Nú liggja tveir sæstrengir milli Íslands og umheimsins, Farice 1 og Cantat 3, sem raunar er næstum úr sér genginn.

Grænlingar hafa einnig hafið lagningu sæstrengs hingað, en skammt er frá því að strengjaskipið Kapitan Khlebnikov var við bryggju hér á landi.

Þá hefur Össur Skarphéðinsson



**SÆSTRENGUR LAGÐUR** Lagning Danice-strengsins hefst frá Danmörku í næstu viku.

MYND/FARICE

iðnaðarráðherra viðrað hugmyndir um sæstreng héðan til Bandaríkjanna.

Hann hefur fullyrt að erlent fyrirtæki sé reiðubúið að reisa hér tíu gagnaver, verði strengurinn lagður.

Verne Holding vinnur að slíku veri á Reykjanesskaga og Greenstone hefur undirritað viljayfirlýsingu um orkukaup við Landsvirkjun og um lóð við sveitarfélagið Ölfus. Annað í þessum dúr mun vera skemmra á veg komið.

- ikh

## Bjóða kannski aftur í Woolworths

„Við erum að skoða næstu skref. Það er nauðsynlegt að fá nýja stjórnendur að Woolworths og skerpa verulega á rekstrinum,“ segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs Group.

Stjórn bresku verslunarkeðjunnar Woolworths hafnaði í fyrradag yfirtökuþilboði Baugs og Malcolm Walker, forstjóra bresku frystivörukeðjunnar Iceland, í smásöluhluta hennar.

Tilboðsferlið hefur staðið yfir í nokkra mánuði en lak í fjölmiðla í síðustu viku. Ekkert hefur verið gefið upp um verðið en Sunday



**GUNNAR SIGURÐSSON**

á rekstrinum. Aðskilja þurfi smásöluhluta frá dreifingu og útgáfustarfsemi. Hlutarnir þrír eigi enga samleið, að sögn Gunnars sem útilokar ekki að nýtt tilboð verði lagt fram á næstunni.

- jab

## Verð lækkar í Svíþjóð

„Verð á fasteignamarkaðinum í Svíþjóð á eftir að falla um 10 til 20 prósent.“ Þetta sagði Cecilia Hermansson, aðalhogfræðingur Swedbank, í viðtali við Dagens Nyheter á mánudag. Hún segir ástæðuna fyrst og fremst hina alþjóðlegu fjármálakreppu sem átti upptök sín í Bandaríkjunum og að ástandið

muni ekki lagast fyrr en botninum verði náð á húsnæðismörkuðum þar í landi.

Hermansson segir enga ástæðu til að óttast að verðfallið verði meira og að verðhækkarnir síðustu ára gangi með öllu til baka, en húsnæðisverð hækkaði um 80 til 90 prósent fyrr á áratugnum.

- msh

## 395 milljónir í hagnað

Icelandair Group hagnaðist um 395 milljónir króna á öðrum fjórðungi ársins. Þetta er 190 milljónum meira en á sama tíma í fyrra. Tap félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins nam hins vegar 1,3 milljörðum króna samanborið við tap upp á milljarð króna á sama tíma í fyrra.

Rekstrarhagnaður félagsins á öðrum fjórðungi nam 1,9 milljörðum króna sem er sex hundruð milljónum meira en í fyrra.



**BJÖRGÓLFUR JÓHANSSON**

árangri og sé áfram unnið samkvæmt aðgerðaáætlun til að aðlaga reksturinn að erfiðum aðstæðum.

- jab

EBITDAR (hagnaður fyrir afskriftir, skatta og rekstrarleigu flugvéla) nam 5,3 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi samanborið við 2,6 milljarða í fyrra.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri, segir afkomuna framar vonum. Viðbrögð við erfiðum ytri rekstrar-skilyrðum hafi skilað

## Mjög langt er í að allt fari til fjandans

**Gagnrýni á ríkisstjórnina fyrir að bíða með erlenda lántöku vegna bankanna er ósanngjörn. Vafamál hvort skattgreiðendur eigi að bera kostnaðinn af þrautarvörn erlendrar starfsemi þeirra.**

„Það er mjög langt í að allt sé að fara til fjandans á Íslandi,“ sagði Jón Steinsson, dósent í hagfræði við Columbia-háskóla, í fyrirlestri í Háskóla Íslands í gær. Jón sagði þó að það væru alvarleg vandamál sem krefðust aðgerða: Koma yrði böndum á verðbólguna og eyða áhyggjum af lausafjárstöðu bankanna.

„Þeim mun lengur sem við bíðum með að koma böndum á verðbólguna, þeim mun dýrara og sársaukafyllra verður að ná stöðugleika á ný.“ Óumflýjanlegt sé því að halda vöxtum áfram háum. Jón sagði enn fremur að verðbólguþátturinn séðlabankans mætti alls ekki veikja. Til langs tíma litið væri besta lausnin þó að taka upp evruna, því tíðar gengissveiflur skytu upp verðlagi sem gerði að verkum að erfitt væri að hafa hemil á verðbólguvæntingum.

Jón taldi að íslenskt efnahagslíf myndi koma vel út úr yfirstandandi þrengingum, en helsta áhyggjuefnið væri að bankarnir rötuðu í alvarleg vandræði. Ríkið og Seðlabankinn yrðu því að eyða áhyggjum af lausafjárstöðu þeirra á erlendum mörkuðum. Til skamms tíma litið gæti ríkið þurft að gefa út skuldabréf í erlendri mynt, sem bankarnir gætu fengið í skiptum fyrir innlend skuldabréf. Ríkissjóður væri með því að taka á sig gengisáhættu, „en eins og staðan er í dag væri ríkið líklega að græða á því, enda gengið



**Í HÁSKÓLA ÍSLANDS** Jón Steinsson, dósent í hagfræði, segir vöxt bankanna síðustu ár skrifast að hluta á að erlend matsfyrirtæki hafi litið svo á að þeir hefðu ríkisábyrgð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

mjög lágt.“ Vafamál væri hins vegar hvort ríkið ætti að taka 500 milljarða lán til að styrkja gjald-eyrisvaraforðann, enda yrði vaxtakostnaður af slíku láni um 15 milljarðar á ári og í raun dulbúinn ríkisstyrkur.

Til langs tíma litið væri eðlilegt að bankarnir bæru sjálfir kostnað af þrautarvörn á þeim hluta starfseminnar sem væri erlendis. Jón

sagði afleiðingarnar verða þær að það yrði ekki eins hagstætt fyrir bankana að vera á Íslandi og þeir kynnu að flytja erlenda starfsemi sína úr landi. „Samkeppnishæfni Íslands byggist þar með á fólkinu í landinu, skattaumhverfi og því að stjórnkerfið sé gott og skilvirkt, en ekki á einhvers konar niðurgreiðslu.“

magnus@markadurinn.is

## Nýr forstjóri skoðar sjúklinginn

„Galið bull,“ segir Pálmi Haraldsson, eigandi Sterling, um fréttir í Danmörku.

Almar Örn Hilmarsson hefur verið ráðinn forstjóri danska lágjaldaflugfélagsins Sterling eftir að Pálmi Haraldsson eignaðist félagið að fullu síðasta föstudag.

Almar gegndi stöðu forstjóra Sterling frá 2005 til mars á þessu ári. Bandaríkjamadurinn, Reza Taleghani, fékk því reisupassann en hann hefur stýrt fyrirtækinu síðustu fjóra mánuði við góðan orðstír þrátt fyrir hrinu uppsagna.

„Almar var fyrsti maðurinn sem ég leitaði til. Það er ekki til neinn maður sem er betur til þess fallinn að leysa úr erfiðum verkefnum en Almar,“ segir Pálmi Haraldsson.

Á vefsíðum Berlingske Tidende



**ALMAR ÖRN HILMARSSON**

og Börsen kom fram í gær að Pálmi hyggist setja rúma 97 milljarða íslenskra króna inn í reksturinn. Til samanburðar hefur markaðsvirði SAS hrapað niður í tæpa 49 milljarða undanfarna mánuði. Pálmi gæti því keypt SAS tvisvar sinnum fyrir sömu fjárhæð.

„Þeir segja svo mikla vitleysu í dönsku fjölmiðlunum. Þetta er algjörlega galið og algjört bull,“ segir Pálmi. Aðspurður hvort það sé von á að nýtt fjármagn verði sett inn í reksturinn segir Pálmi: „Nú skoðum við sjúklinginn. Það tekur einn til tvo mánuði og svo fara menn að sjá einhverjar breytingar.“

- gh



**MANNAFREYTINGAR HJÁ STERLING** Almar Örn Hilmarsson hefur aftur verið ráðinn forstjóri Sterling. Hann gegndi áður starfinu frá 2005 til mars síðastliðins.

NORDICPHOTOS/AFP





Upplýsingar og skráning:  
**544 4500 / [www.ntv.is](http://www.ntv.is)**

# SKRÁNING FYRIR HAUSTÖNN 2008 Í GANGI!

Ekki bíða með að skrá þig – Fyrstir koma fyrstir fá

## TVÆR ANNIR

### **Sölu-, markaðs og rekstrarnám** ☀ **396 stundir**

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Í síðari hluta er lögð áhersla á rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Frábært nám fyrir alla sem starfa við sölumennsku og/eða eru með eigin rekstur.

### **Skrifstofu- og rekstrarnám** ☀ **462 stundir**

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á þremur námskeiðum sem öll styðja hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám, Fjármál & rekstur ásamt viðbótarnámi í Navision viðskiptakerfinu.

### **Skrifstofunám og hönnun** ☀ **414 stundir**

Nám sem þjálfar nemendur til starfa á nútímaskrifstofu. Mjög góður undirbúningur fyrir almenn skrifstofustörf. Nemendur læra að útbúa hvers konar kynningarefni auk þess sem þeir fá leiðsögn í tengslavinnu milli fyrirtækja annars vegar og auglýsingastofa, prentsmiðja og fjölmiðla hins vegar.

### **Sölunám og hönnun** ☀ **420 stundir**

Á fyrri önninni öðlast nemendur þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku og í gerð kynningarefnis. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins í starfi og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Á seinni önninni læra nemendur að útbúa og koma frá sér hvers konar kynningarefni og fá þjálfun sem tengiliðir fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur. Þetta er góður kostur fyrir stofnanir og fyrirtæki sem útbúa sitt eigið kynningarefni og vilja styrkja sölufurlið.

## EIN ÖNN

### **Skrifstofu- og tölvunám** ☀ **258 stundir**

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar sérstaklega vel þeim aðilum sem eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé. Eins er það mjög gott fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi. Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru tölvubókhald, verslunarreikningur, Windows, Word, Excel, Power Point, streitustjórnun, gerð kynningarefnis og margt fleira.

\* Alþjóðlegt prófskírteini (ECDL) í tölvufögnum.

### **Sölu- og markaðsnám** ☀ **264 stundir**

Þetta er líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðsfræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

### **Fjármála- og rekstrarnám** ☀ **132 stundir**

Hér er um að ræða frábært námskeið fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu í fjármálum og rekstri fyrirtækja. Námið snýr m.a. að rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Lögð er áhersla á verkefnavinnu sem tengd er efninu.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkun á Excel töflureikni.



**INNTRITUN Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS**



**FYRIR HÁSKÓLANÁM**



Dagbækur Matthíasar eru merkileg heimild:

# Að skrifa söguna sjálfur

JÓN KALDAL SKRIFAR

Skiptar skoðanir eru á því hvort rétt sé hjá Matthíasi Johannessen, fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins, að opna aðgang að dagbókum sínum á netsíðu sinni matthias.is. Sérstaklega hafa verið settir fyrirvarar við allra nýjustu dagbókarfærslur hans, frá 1997 og 1998, sem bættust við eldri árganga á dögnum. Þar þykir Matthías meðal annars ganga fullðjarflega fram í frásögnum af því sem nafngreindir menn létu falla í einkasamtölum við hann.

Þetta eru óþarfa áhyggjur. Það er jákvætt og þarft verk hjá Matthíasi að opinbera þau trúnaðarsamtöl sem hann átti við dagbók sína þegar hann var ritstjóri Morgunblaðsins.

Færslur ritstjórans fyrrverandi eru merkileg söguleg heimild. Þeir sem lesa dagbækurnar þurfa þó að gæta sín á því að taka þær ekki of bókstaflega, því þær eru ekki endilega rétt heimild um samtímann eins og hann var í raun og veru.

Dagbækur Matthíasar eru hins vegar örugglega mjög nákvæm heimild um það hvernig höfundurinn upplifði samtíma sinn. Og jafnvel hvernig hann vill að hans sé minnst. Eða svo notuð séu orð Bjarna Benediktssonar, fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, sem Matthías segir frá í einni færslu sinni: „Við eigum að skrifa söguna sjálfir, hinum er ekki treystandi til þess(!)“

Það er ekki síst að þessu leyti sem dagbækur Matthíasar eru stórfróðlegur lestur fyrir alla þá sem hafa áhuga á stjórnmálum, viðskiptalífi og fjölmiðlum. Og það í þessari röð.

Dagbækurnar gefa ómetanlega innsýn í hvernig ritstjórn Morgunblaðsins var flækt inn í ýmis mál á stjórnmálasviðinu og í viðskiptalífinu. Hlutverk ritstjóranna var gjarnan að ráðleggja við lausn mála, bera boð á milli manna, koma á samböndum og lægja öldur. Að afla fréttar og flytja þær lesendum blaðsins virðist hins vegar ekki hafa verið ofarlega í forgangs-röðinni.

Skemmtilegasti hluti dagbókanna eru einmitt upplýsingar um mál sem Mogginn vissi af, en sagði ekki frá, og eru jafnvel að líta núna fyrst dagsins ljós.

Fyrir áhugamenn um fjölmiðla eru dagbækurnar því fyrst og fremst kennslubók um hvernig á ekki að standa að verki. Af þeim má til dæmis draga þann lærdóm að blaðamenn mega ekki vera í of nánú vinfengi við valdamenn. Og alls ekki líta á sjálfa sig sem slíka. Þeirra vinna er að segja fréttir, ekki búa þær til.

Í dagbókum sínum segir Matthías meðal annars frá því hvernig hann og kollegi hans, Styrmir Gunnarsson, komu að stóratburðum á borð við myndun á ríkisstjórnnum landsins. Í því samhengi má rifja upp að fyrr á árinu var fréttakona á Stöð 2 gripin við að spyrja upptökustjórann sinn í bríarí hvort hún ætti að fá mótmælanda til að kasta eggi þegar útsending hæfist. Hún taldi sig nauðbeygða til að segja upp þar sem trúnaður hennar sem fréttamanns hefði beðið hnekki. Reyndi hún þó að hanna eggjakast, en ekki ríkisstjórn.

Svona hafa tímarnir breyst.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**FRÉTTABLAÐIÐ** Ritstjórnir: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. Aðstoðarritstjórnir: Steinunn Stefánsdóttir. **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

## Auglýsingasími

512  
5050



– Mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Misboðið

Það vantar ekki að menn hafi skoðanir á pólitíkinni í Reykjavík. Menn hafa ekki aðeins skoðanir á málinu heldur leggja fram það sem ætla mætti að væru staðreyndir, máli sínu til stuðnings. Ungir jafnaðarmenn í Reykjavík segjast til dæmis hafna meirihlutunum og segja lýðræðinu misboðið! Vísar þeir til þess að í síðustu kosningum fengu Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur aðeins um 48% atkvæða. Þar er rangt farið með því flokkarnir fengu samtals 49,2%. Vissulega er það innan við 50% en engu að síður hafa flokkarnir samtals 8 borgarfulltrúa. Sem er meirihluti.



### Gleymnin

Guðmundur Andri Thorsson segir í Fréttablaðinu í gær að Sjálfstæðismenn hafi tapað síðustu kosningum. „Það er eins og það vilji stundum gleymast,“ segir hann. Nú verða menn að passa sig á að segja ekki obbobobb of snemma og benda Guðmundi á að Sjálfstæðisflokkurinn hafi nú fengið sjö borgarfulltrúa og heilum þremur fleiri en það framboð sem kom næst – því hann á ekki við það. Hann er dýpri. „Meirihluti kjósenda hafnaði því með öðrum orðum að þeir (Sjálfstæðismenn) ættu að stjórna borginni en dreifði sér milli þeirra flokka sem áður störfuðu saman í Reykjavíkurlistanum,“ segir Guðmundur.

### Er það svo?

Í kosningunum í maílok 2006 fengu

Framsóknarflokkur, Samfylking og VG – gömlu R-listaflokkarnir – samanlagt 30.545 atkvæði. Sjálfstæðisflokkur og Frjálslyndir og óháðir, sem voru í minnihluta á síðasta kjörtímabili, fengu samtals 34.380 atkvæði. Af hverju skrifar Guðmundur ekki að kjósendur hafi hafnað flokkunum sem störfuðu saman í R-listanum? Það er svo önnur saga að ákveðið var að bjóða ekki fram undir merkjum R-listans. Og enn önnur saga er að meirihlutasamstarf ræðst ekki af atkvæðafjöldanum einum saman heldur samkomulagi um hvað gera skuli.

bjorn@frettabladid.is



# Persónur og leikendur

Í síðustu viku var óvænt endursýning á leikriti sem tekið var öðru sinni af fjölunum í janúar í ár. Persónur og leikendur þyrptust inn á sviðið og fóru áreynslulaust, með textann sinn. Höfðu engu gleymt. Bættu kannski aðeins í til að vekja athygli á eigin hugkvæmni og blæbrigðum verksins. Þetta leikrit væri til dæmis bæði sirkus, farsí og skollaleikur um valdatafl, refsaká og hrossakaup.

Fjölmiðlarnir drógu hvergi af sér í kynningu á helstu leikurum og skoðunum þeirra á eigin frammi-stöðu og annarra. Leikarar í lykilhlutverkum fögnuðu nýju tækifæri til að heilla áhorfendur, en aðrir í leikhópnum vilja auðvitað sjálfir fá að standa fremst á sviðinu. Alls ekki vegna eigin frama. Þeirra leynifundir og löngun til að komast í aðalhlutverk eiga ekkert skylt við klæki. Bara hinna.

Allir leikararnir vísa seint og snemma í viðhorf áhorfenda, hvað þeir vilji og hvað þeir eigi skilið. Segjast sjálfir hafa hag borgarbúa að leiðarljósi í einu og öllu. Er það ekki sjálfsagður hlutur? Er það eitthvað sem þarf að skreyta sig með í tíma og ótíma? Oft er engu líkara en leikararnir þurfi að sannfæra sjálfa sig um leið og aðra þegar þessu flaggi er veifað sem ákafast.

Skoðanakannanir sýna að þetta leikrit fær naumast fullt hús hjá gagnrýnendum, en skoðanakannanir eru eins og hver annar hitamælir. Þær mæla hita og kulda í viðhorfum til atburða líðandi stundar. Næsta mæling getur staðfest pólitískt heilsufar fyrir könnunar, en hún getur líka sýnt allt annað hitastig. Sumt er fyrrsjáanlegt, annað ekki. Það er það skemmtilega við tilveruna.

### Jón sterki

Fjölmiðlar ráða að verulegu leyti veðri og vindum í pólitík hér á



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR Í DAG | Borgarmál

landi eins og annars staðar Fjölmiðlamenn tala gjarnan um að þeir séu óhlutdrægir af því að þeir eru ekki flokksbundnir. Þeir trúa þessu sjálfir, en það þarf enga skyggngáfu til að lesa í pólitískar skoðanir flestra fréttamanna, og það er eiginlega bara viðkunnalegt.

Þeir gegna æ stærra hlutverki í umræðu dagsins og framvindu mála. Sá sem situr fyrir framan skjáinn og horfir á viðtal fréttamanns og viðmælanda í sjónvarpsal, skynjar undir eins hver er stjarnan í viðtalinu.

Það er yfirleitt ekki viðmælandinn. Við ber að samtalið er eins og yfirheyrsla yfir sakamanni. Auðséð er að fréttamanninum líður vel í hlutverkinu og maður fær á tilfinninguna að hann fái klapp á bakið hjá samstarfsmönnum fyrir að láta viðkomandi ekki komast upp með neitt múður. Orð Jóns sterka í Skugga Sveini, æskuleikriti Matthíasar Jochumssonar, koma ósjálfrátt upp í hugann: „Sáuð þið hvernig ég tók hann, piltar?“ Þessi samtaltækni þykir sjálfsögd hjá sjónvarpsstjórnnum milljónaþjóða en er eiginlega dálítið úr takti hér á landi.

Í nútíma þjóðfélagi sækist fólk eftir að komast í fjölmiðla, sumir vegna hagsmuna í viðskiptum eða stjórnmálum, aðrir til að láta ljós sitt skína eða koma áhugaverðu efni á framfæri. Þeir sem hefja störf við fjölmiðla skynja fljótt að margir líta á þá sem tækifæri til að koma eigin málum á framfæri.

# Sjálfsgagnrýni Samfylkingar

### UMRÆÐAN

Rósa Guðbjartsdóttir skrifar um ráðningarmál.

Oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi hefur harðlega gagnrýnt mannaráðningar meirihlutans í stjórnunarstöður að undanfögnu. Sú gagnrýni gæti allt eins beinst að hennar eigin flokkssystkinum í Hafnarfirði. Samfylkingarfólk finnst ófaglega staðið að ráðningu í stjórnunarstöður í Kópavogi því þær hafi ekki verið auglýstar heldur fallið í skaut eldri starfsmanna í bæjarfélaginu. Fullrytt er að slíkar aðferðir þekkist ekki í öðrum sveitarfélögum. Það er misskilningur. Meirihluti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði hefur einmitt talsvert notað þessa aðferð þegar ráðið hefur verið í stjórnunarstöður, á undanfönum árum og misserum. Þegar ráðinn var þjónustustjóri yfir þjónustuveri bæjarins var einstaklingur með tiltölulega stuttan starfsaldur hjá bænum settur í það starf án auglýsingar. Töluverðar óánægju gætti þá meðal reyndari starfsmanna með það að starfið skyldi ekki auglýst laust til umsóknar. Fyrir tæpum tveimur árum skipaði meirihluti Samfylkingarinnar innanbúðarfólk í Ráðhúsi Hafnarfjarðar í stöður starfsmannastjóra og mannauðsstjóra bæjarins án auglýsingar.



RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

Á síðastliðnum vetri var einnig ráðið án auglýsingar í nýtt starf gæðastjóra á aðalskrifstofu. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í bæjarráði gagnrýndu og spurðu hvers vegna umrædd störf hefðu ekki verið auglýst. Svör bæjarstjóra Hafnarfjarðar voru á þann veg að hann hefði fullan rétt á að skipa í þessi störf og um tilfærslur eða framgang í starfi væri að ræða. Við sjálfstæðismenn höfðum síður en svo eitthvað út á viðkomandi einstaklinga að setja heldur voru ráðningarnar spurning um aðferðafræði. Síðastliðið sumar þegar starf fjármálastjóra bæjarins var laust lögðum við sjálfstæðismenn mjög mikla áherslu á að starfið yrði auglýst og það varð úr í það skiptið.

Í ljósi þeirra miklu upphröpana sem fulltrúar Samfylkingarinnar í Kópavogi hafa viðhaft vegna ráðningarmála í bænum er nauðsynlegt fyrir þá að vita að félagar þeirra og nágrannar í Firðinu sem vilja ekki síður kenna sig við lýðræði og faglega stjórnsýslu, eru annarrar skoðunar um hvernig slíkum markmiðum er náð. Umræðustjórnarmál Samfylkingarinnar virðast ekki virka sem skyldi í þessum nágrannasveitarfélögum.

Höfundur er bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.



**VERÐBRÉF OG VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI**  
er nokkuð sem ágætt er að kunna skil á. Endurmenntun Háskóla Íslands byrjar í haust með nám í verðbréfavíðskiptum sem meðal annars hugsað er fyrir áhugafólk um þau. Nánari upplýsingar má finna á [www.endurmenntun.hi.is](http://www.endurmenntun.hi.is).



# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473 Hugi Garðarsson [hugi@365.is](mailto:hugi@365.is) 512 5447



**STAFGANGA Í LAUGARDAL**


Stafgöngunámskeið hefst 26. ágúst n.k.

**BYRJENDANÁMSKEIÐ:** Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.  
**FRAMHALDSHÓPUR:** Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.

SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: [www.stafganga.is](http://www.stafganga.is)

GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgöngubjálfi, sími: 616 85 95.  
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgöngubjálfi, sími: 694 35 71.

**Brautir - Glerveggir - Glerhurðir - Hert Gler**



Járn og gler ehf - Skútuvogur 1h  
Barkarvogsmegin - S: 58 58 900  
[www.jarnghler.is](http://www.jarnghler.is)




**Eirberg**

**Viltu sitja eða standa?**

Muvman fyrir breytilega hæð

- Bakið beint
- Dýpri öndun
- Aukin virkni
- Sveigjanleiki

*Einstakur stóll*



[www.eirberg.is](http://www.eirberg.is) • 569 3100 • Stórhöfða 25



Ástbjörg og Ronja eru mjög spenntar að flytja út og upplifa nýja hluti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Kannar nýjar slóðir

Ástbjörg Rut Jónsdóttir er þrítug námsmætur sem er að flytja til Glasgow, ásamt Ronju dóttur sinni, og mun þar fara í skiptinám frá Listaháskóla Íslands.

„Það hefur verið draumur minn lengi að flytja til útlanda. Ég bjó úti í London fyrir um átta árum og síðan þá hefur mig langað að flytja til útlanda aftur og nú er sá draumur að verða að veruleika,“ segir Ástbjörg Rut Jónsdóttir sem er að flytja til Glasgow ásamt dóttur sinni Ísabellu Ronju sem er að verða fimm ára. „Ég er svo heppin að það kemur með mér stúlka frá Íslandi, „au pair“ og hún mun passa Ronju á meðan ég er í skólanum. Ronja hlakkar mikið til að fara og einnig ég, get ekki beðið

eftir að kanna nýjar slóðir,“ segir Ástbjörg spennt fyrir framhaldinu. „Ég er að fara í skiptinám frá Listaháskóla Íslands þar sem ég er í fræði og framkvæmd sem er námsbraut innan leiklistardeildar Listaháskólans. Þar var ég að klára mitt annað ár. Í Glasgow mun ég læra svipaða hluti og ég læri hér heima. Ég efast ekki um að þessi reynsla muni nýtast mér vel þegar heim er komið.“ Innt eftir því hvort henni finnist námið hér heima skemmtilegt

segir hún svo vera. „Ég er ótrúlega ánægð í þessu námi. Þetta er bæði fræðilegt og verklegt leiklistarnám. Möguleikarnir eru svo margir að námi loknu, maður getur verið að leikstýra eða sjálfur á sviði og jafnvel farið út í gjörninga.“ Ástbjörg leikstýrði verkinu Augnablik sem sýnt var á leiklistarhátíðinni artFart sem nú stendur yfir. „Það gekk mjög vel hjá okkur, sýndum þrisvar sinnum, drifum þetta af þar sem ég er að fara út.“ [sigidurp@rettabladid.is](mailto:sigidurp@rettabladid.is)



**6 tommu bátur**

**329kr.**

Gildir í ágúst 2008  
Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Stjórnunáli

**Þú færð kafbát allan sólarhringinn**  
á N1 Ártunshöfða og N1 Hringbraut

**ÁGÚST**

**Kafbátur mánaðarins**

**TÚNFISKBÁTUR**

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósum

**SUBWAY**

**18**  
Subway staðir um allt land



**BANANAR** eru góðir fyrir íþróttafólk því þeir gefa næringu og orku auk þess sem bananar innihalda mikið kalíummagn og gerir það að verkum að blóðþrýstingur og hjartsláttur helst eðlilegur.





## Vertu liðtækur



**Glucomed® 625 mg**  
Glúkósamín

**Glucomed inniheldur glúkósamín**

**Ekki má nota Glucomed:**

- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.

**Tvær töflur á dag til að draga úr einkennum.**

*Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá*

### ÞINN RÉTTUR

#### Almannatryggingalög kynnt fyrir þér



## Námsmenn erlendis

Námsmenn sem dvelja erlendis við nám njóta ýmissa réttinda almannatrygginga. Sá sem hefur verið búsettur og tryggður hér á landi er yfirleitt áfram tryggður meðan á námi í öðru landi stendur. Unnt er að tryggja maka og börn með námsmanni.

Þeir sem fara í nám til Norður-landanna eiga að taka upp búsetu þar og falla því undir almannatryggingareglur viðkomandi lands. Við komu til Íslands í fríum er hægt að sækja um tímabundið sjúkratryggingaskírteini vegna lækniþjónustu hérlandis.

### Nám utan EES-landa og Sviss

Námsmenn utan EES og Sviss og fjölskyldur þeirra geta haldið lögheimili sínu hér meðan á námi stendur og haldið rétti sínum til almannatrygginga. Unnt er að fá útgefna tryggingayfirlýsingu um sjúkratryggingar hjá Tryggingastofnun. Athugið að yfirlýsingin er eingöngu staðfesting á tryggingu. Sótt er um endurgreiðslu hjá Tryggingastofnun gegn framvísun frumrita af sundurliðuðum reikningum þar sem fram kemur hvaða þjónusta var veitt auk staðfestingar á greiðslu.

Frekari upplýsingar má finna á [www.tr.is](http://www.tr.is).

### Nám á Norðurlöndum

Þinn réttur getur verið margs konar í almannatryggingakerfinu. Með mánaðarlegum dálki vill Tryggingastofnun vera þér, lesandi góður, innan handar með því að kynna fyrir þér ýmis ákvæði almannatryggingalaganna og þannig benda á mögulegan rétt til greiðslna sem er þér ef til vill ekki kunnugur.

 **TRYGGINGASTOFNUN** *Sjá vefinn [www.tr.is](http://www.tr.is)*

## Óþekktur uppruni

Munnangur getur valdið miklum óþægindum.

Uppruni munnangurs er óþekkt, en talið er að það geti hugsanlega tengst skorti á járni, fólinsýru eða B12-vítamíni.

Hægt er að skipta munnangri niður í tvo flokka, áblástur í munni og síendurtekið munnangur, sem tengst getur streitu, mataræði, ofnæmi eða harkalegri tannburstun.

Siendurtekið munnangur er yfirleitt inni á kinnnum, tungu, vörum eða koki og er sársaukafullt í nokkra daga. Hægt er að er að draga úr óþægindum með lyfjum.

- kka



Hverfi munnangur ekki eftir eina til tvær vikur er mælt með að fólk leiti sér læknishjálpar.

NORDICPHOTOS/GETTY

## ER ÞÉR HEITT?

## Mikið úrval af LOFTKÆLIVIFTUM

### Stærð frá 10 cm til 100 cm





## ís-húsið

S: 566 6000 - Smiðjuvegi 70 - 200 Kópavogi

**Loftkæling - Loftbæting - Viftur**



## Borgarholtsskóli

### býður upp á nám með starfi

### Kvöldskólanám

í mál- og véltæknigreinum

Eftirtalдар greinar verða í boði:

|                    |                      |
|--------------------|----------------------|
| <b>Málmsuða:</b>   | HSU, LSU, RLS og RSU |
| <b>Málmsmiðar:</b> | HVM, PLV, VVR og REN |
| <b>Teikningar:</b> | GRT, CAD, TTÓ og ITM |
| <b>Véltækni:</b>   | AVV og VÖK           |
| <b>Fagbóklegt:</b> | RAT, RÖK og MRM      |

Kennt verður virka daga kl. 18:10–22:30 og laugardaga kl. 8:10–13:50

**Innritun í kvöldskólann verður 21.–23. ágúst og kennsla hefst 25. ágúst.**

### Síðdegisnám

fyrir:

- Leiðbeinendur í leikskóla
- Skólaliða
- Stuðningsfulltrúa
- Félagsliða

Kennt verður virka daga kl. 15:00–17:40.

**Innritun í síðdegisnám lýkur 22. ágúst og kennsla hefst 25. ágúst.**

### Dreifnám

(fjarnám með staðbundnum lotum) fyrir:

- Leiðbeinendur í leikskóla
- Skólaliða
- Stuðningsfulltrúa
- Félagsliða

Félags- og tómstundanám **NÝTT**

Á lista- og fjölmiðlasviði er boðið upp á dreifnám í:

- Bókasafnstækni
- Margmiðlun

**Innritun í dreifnám lýkur 22. ágúst og kennsla hefst 29. ágúst.**

Nánari upplýsingar eru á **[www.bhs.is](http://www.bhs.is)**

Borgarholtsskóli við Mosaveg, sími 535 1700



**SPÆNSKA** getur verið spennandi tungumál að læra enda er hún mikið töluð um heim allan. Á heimasíðunni [spaensku.es](http://spaensku.es) má finna ýmis spennandi spænskunnámskeið sem hefjast í september.



# Einstaklingsmiðuð þjálfun

Fyrirtækið Demos er tiltölulega nýtt af nálinni og gengur út á einstaklingsmiðaða enskuþjálfun fyrir sérfræðinga og stjórnendur í fyrirtækjum. Kennslan gengur út á að auka sjálfstraust og málfærni í ensku.

Guðmundur Edgarsson, framkvæmdastjóri Demos, segist hafa fengið hugmyndina að fyrirtækinu fyrir rúmu ári þegar hann var að vinna sem aðjunkt við Háskóla Íslands. Hann kenndi áfanga í hagnýtri ensku þegar ríkisstofnun leit aði til hans og vildi fá hann til að þjálfa starfsfólk sitt í enskri málfærni. „Ég fékk Huldu Kristínu Jónsdóttur, stundakennara við HÍ og doktorsnema í ensku til liðs við mig og þetta gekk mjög vel. Þá vaknaði sú hugmynd að fara með svona námskeið inn í fyrirtækin, því fólk á oft erfitt með að komast úr vinnu á svona námskeið,“ segir Guðmundur.

Námið hjá Demos er einstaklingsmiðað og hver og einn fær greiningu á því hvar hann stendur í enskunni. „Við setjum fólk í orðaforða-, framburðar- og málfærnimat til að sjá hvar það stendur. Við vinnum með framburð, aukum orðaforða, bætum málfar í viðskiptabréfum og virkum þann orðaforða sem fólk þekkir en nýtir ekki í töluðu máli. Einnig leggjum við áherslu á að byggja upp sjálfsstraust hjá fólki þegar kemur að því að tala enskuna. Við tileinkum okkur nýjustu kenningar í orðaforðarannsóknum og hagnýtum málvísindum,“ útskýrir Guðmundur en hann vill meina að við lærum ekki tungumál heldur tileinkum við okkur það. Því gengur kennslan hjá



Demos út á máltileinkun frekar en beina kennslu.

Guðmundur og Hulda Kristín búa til allt námsefni fyrirtækisins sjálf og halda úti vef sem þau nota mikið í kennslunni. „Við setjum allt námsefnið okkar á vefinn, bæði tengla, lesefni og ýmis konar stuðningsefni, en þar sem námið okkar er einstaklingsmiðað þurfum við stundum að leita út fyrir vefinn,“ segir Guðmundur.

Bæði Guðmundur og Hulda Kristín hafa tengsl bæði við Háskóla Íslands, þar sem Hulda kennir, og við Háskólann í Reykjavík, þar sem Guðmundur er stunda-

kennari. Þar hafa þau stundað rannsóknir og lesið sér til um allt það nýjasta í hagnýtum málvísindum og nota sérfræðipokkingu sína til að styrkja fólk í enskri málfærni miðað við styrkleika og veikleika hvers og eins.

Mikið er lagt upp úr því að starfsfólk Demos hafi ensku að móðurmáli, en jafnframt að það sé menntað sem kennarar. Hulda Kristín er sjálf tvítýngd og með fjölþættan menningarlegan bakgrunn.

Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemi fyrirtækisins er bent á heimasíðuna [www.demos.is](http://www.demos.is)

*klara@frettabladid.is*

# FÖGNUM 25 ÁRA

## AFMÆLI

### KRAMHÚSSINS

með *Hautönn hefst 8. september!*

## fjölbreyttum námskeiðum

#### TANGÓ HÁTÍÐ

28.–31. ágúst  
Sex gestakennarar frá Buenos Aires

#### MAGADANS WORKSHOP

18.–22. ágúst  
Gestakennari:  
Ahmed Fekry frá Egyptalandi

#### KRAMHÚSIÐ

**= OPIÐ KORT =**  
í Músikleikfimi og Yoga

**www.kramhusid.is**  
**551 5103 & 551 7860**

**25**  
ÁRA  
STOFNAÐ 1983

Kramhúsið er aðili að Fristundakortinu

## HAUSTÖNN 2008



# Öldungadeild MH ævinlega í fararbroddi

Viltu hefja nýtt nám, rifja upp eða bæta við þekkingu þína?

Þá er Öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð lausnin. Þar er hægt að stunda nám til stúdentsprófs á þremur bóknámsbrautum, félagsfræðabraut, málabraut og náttúrufræðibraut. Þú getur valið námsgreinar eftir þörfum og bætt þannig við þekkingu þína á fjölmörgum sviðum.

Einnig geta nemendur sem þegar hafa lokið starfsnámi eða listnámi í (öðrum) framhaldsskóla bætt við sig bóklegum einingum og lokið óhefðbundnu stúdentsprófi.

### Innritun

Innritun í deildina fer fram dagana 19., 20. og 21. ágúst n.k. kl. 9.00–12.00 í símun 595 5206 / 595 5207 og í skólanum kl. 12.00–18.30.

Skrifstofa skólans verður opin 21.ágúst til kl. 18.00.

Hægt er að innrita sig á netinu allan sólarhringinn á vef skólans: [www.mh.is](http://www.mh.is)

Kennsla hefst miðvikudaginn 27. ágúst.

Kennt er fjóra daga í viku, mánudaga til fimmtudaga kl. 16.45–21.15.

Heimsækið okkur á [mh.is](http://mh.is)



- Ítalska
- Náttúrufræði
- Saga
- Spænska
- Sálfræði
- Íslenska
- Stærðfræði
- Þýska
- Enska
- Norska
- Eðlisfræði
- Kínverska
- Franska
- Danska
- Félagsfræði
- Uppeldisfræði
- Fjármál
- Myndlist
- Heimspæki
- Tölvufræði



# ÞALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar  
vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn  
er opinn alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**  
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin:  
alla virka daga **8-17**

## BÍLAR & FARATÆKI



### Úrval nýrra atvinnubíla á frábæru verði!!

Nýr Renault Kangoo. Verð kr. : 1.359þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. Verð kr. : 1.990þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. 9 manna. Verð kr. : 3.190þ. með vsk. Nýr Renault Trafic Langur. Hár toppur. Verð kr. : 2.490þ. án vsk. Nýr Renault Master. Millilangur. Hár toppur. Verð kr. : 2.795þ. án vsk. Fleiri útfærslur í boði. Allir bílar dísel og til afgreiðslu strax !



### FORD EXPLORER 4,0L V6 LIMITED

2004 Árgerð. Ekinn 96þ.km. Sjálfskiptur - ABS hemlar - Aksturstölva Fjarstýrðar samlaesingar - Glerþoppuluga - Hiti í sætum - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan - Innspyting - Kastarar - Krómfelgur - Leðuráklæði - Litað gler - Líknarbelgir - Loftkæling - Minni í sætum - Rafdrifnir speglar - Útvarp - Veltistýri - Vökvastýri - Pakbogar. Fallegur jeppi ! Verð aðeins 2.190þ.

**Sparibíll ehf**  
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**  
**Sími: 577 3344**  
**www.sparibill.is**



Range Rover Westminister, árg 2004, ek 83þús.km, Með ÖLLU! Allur svartur að innan, 20" felgur, Glæsilegur bíll!!! Ásett Verð 6990þús.kr Stgr.Tilboð 5990 stgr!!

### VANTAR BÍLA Á STAÐINN !!

**100 bílar ehf**  
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**  
**Sími: 517 9999**  
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**  
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Mazda 6 árg '05. Vel með farinn og fallegur bíll. Ekinn 73 þús. Ásett verð 1950 þús. Uppl. í s.6978359

### Til sölu

**1205P**  
Innanmál: 203 x 119 x 35 cm  
Heildarþyngd: 750 kg  
Burðargeta: 600 kg  
Dekk: 13"

**THULE**  
TILBOÐSVERÐ!!!  
**125.000,-**

Lyfta.is · 421 4037 · [www.thuletrailers.is](http://www.thuletrailers.is) · [thule@thuletrailers.is](mailto:thule@thuletrailers.is)

**DRAUMABÍLLINN!**  
**Fólksbílar**  
Frábær tilboð!  
10% afbætur - Meiri styrk!  
**islandus.com**  
www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porsche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, [www.islandus.com](http://www.islandus.com).

**TOYOTA CAMRY**  
**HYBRID**  
REYNSLUAKSTUR  
10% afbætur - Meiri styrk!  
**islandus.com**  
www.islandus.com - Sími 552 2000

„Það verða náttúrulega alltaf kynslóðaskipti í öllu, bæði í íþróttum og öðru og ég held að það sé bara mjög jákvætt. Ég held að þessir strákar sem eru að koma upp eigi eftir að fá mikla reynslu af því að taka þátt í verkefnum með landsliðinu og vonandi verða þeir bara tilbúnir í slaginn.“

Eiður Smári var talinn líklegur af spænskum fjölmiðlum til þess að yfirgefa herbúðir Barcelona fyrir komandi leiktíð á Spáni en hann virðist hins vegar hafa hlotið náð fyrir augum knattspyrnustjórans Pep Guardiola hjá Katalóníufélaginu. Eiður Smári hefur spilað reglulega með Börsungum á undirbúningstímabilinu en á reyndar ennþá eftir taka þátt í leik þar sem hann spilar allar níutíu mínúturnar.

„Ég er búinn að spila ágætlega mikið. Ég er samt í rauninni enn á miðju undirbúningstímabili með Barcelona og hef ekki ennþá spilað samfleytt í níutíu mínútur, þannig að það er spurning hvernig maður heldur út,“ sagði Eiður Smári að lokum.



**AFTUR AF STAÐ** Fyrsti leikur Friðriks Stefánssonar eftir hjartaaðgerð er landsleikur á móti Írlandi. VIKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

### Íslenska körfuboltalandsliðið: Fjórar breytingar

**KÖRFUBOLTI** Sigurður Ingimundarson hefur valið tólf manna landsliðshóp sem er á leiðinni á æfingamót á Írlandi um næstu helgi. Sigurður hefur gert fjórar breytingar á liðinu sem fór til Litháen í júlí en Jón Arnór Stefánsson, Friðrik Stefánsson, Fannar Ólafsson og Sveinbjörn Claessen koma inn í liðið í stað þeirra Finns Atla Magnússonar, Jóhanns Árna Ólafssonar, Hreggviðs Magnússonar og Harðar Axels Vilhjálmssonar.

Íslenska liðið mun leika þrjá leiki við landslið Írlands, Póllands og gegn Notra Dame háskóla. - óbj

| LANDSLIÐSHÓPURINN:                   |     |        |
|--------------------------------------|-----|--------|
| Bakverðir                            |     |        |
| Logi Gunnarsson, Gijon               | 61  | leikur |
| Magnús Þór Gunnarsson, Njarðvík      | 58  |        |
| Jón Arnór Stefánsson, Roma           | 40  |        |
| Jakob Örn Sigurðarson, Univer KSE    | 39  |        |
| Sveinbjörn Claessen, ÍR              | 1   |        |
| Framherjar                           |     |        |
| Páll Axel Vilbergsson, Grindavík     | 78  |        |
| Helgi Már Magnússon, KR              | 52  |        |
| Hlynur Bæringsson, Snæfelli          | 40  |        |
| Sigurður Þorvaldsson, Snæfelli       | 36  |        |
| Miðherjar                            |     |        |
| Friðrik Stefánsson, Njarðvík         | 106 |        |
| Fannar Ólafsson, KR                  | 64  |        |
| Sigurður Gunnar Þorsteinss., Keflav. | 6   |        |



**FYRIRLIÐINN** Ólafur Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Upphitun Íslands: Leikfimi með Óla Stef

**PEKING 2008** Handboltalandsliðið tók daginn snemma fyrir leikinn gegn Egyptum. Það var ræs klukkan fimm og Ólafur Stefánsson tók síðan að sér það verkefni að vekja strákana almennilega. „Óli var með þá í „Müllers-æfingum“. Þetta eru gamlar æfingar og svona smá leikfimi. Svo fóru menn í mat eftir það,“ sagði Guðmundur. En telur hann Ólaf hafa minnt á Jónínu Ben þegar hún var upp á sitt besta í leikfiminni? „Nei, hann var meira svona Valdimar Örnólfsson. Þetta var mjög fínt en það er ekkert auðvelt að vakna svona snemma og fara að spila klukkan níu,“ sagði Guðmundur. - hbg

## Snorri Steinn bjargvættur

Annan leikinn í röð tryggði Snorri Steinn Guðjónsson íslenska landsliðinu stig með marki í blálokin. Guðmundur Guðmundsson segir það taka verulega á taugarnar að fylgjast með af línunni. Ísland mætir Póllandi í 8 liða úrslitum.

**PEKING 2008** Það er ekki fyrir hjartveika að fylgjast með íslenska handboltalandsliðinu á Ólympíuleikunum í Peking. Þriðja leikinn í röð réðust úrslit í leik íslenska liðsins með skoti á lokasekúndunum.

Snorri Steinn Guðjónsson tryggði Íslandi að þessu sinni stig gegn Egyptum með marki rétt fyrir leikslök. Hann endurtók því leikinn frá því í Danaleiknum. Stigið sem Ísland fékk í leiknum þýðir að Ísland lendir í 3. sæti riðilsins og mætir því Póllandi í átta liða úrslitum.

„Þetta var basl. Varnarleikurinn ekki nógu góður. Menn óruggir og að misskilja hver annan. Þetta var okkar verstí leikur varnarlega á þessu móti. Síðan fannst mér í fyrri hálfleik við misnota dauðafæri. Það var svolítið ódagot og mér fannst ekki vera sami andinn í þessu

hjá okkur í þessum leik og hefur verið í síðustu leikjum,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari og hann segir að eðlilega spili margt þar inn í. Eitt af því sé að leikurinn fór fram klukkan 9 um morgun en íslenska liðið þurfti að vakna klukkan 5 til þess að hefja undirbúning. „Það má samt ekki gleyma því að Egyptar eru gríðarlega öflugt sóknarlið.

**MIKILVÆGUR** Snorri Steinn Guðjónsson FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ELLEFU STÖÐSENDINGAR** Ólafur Stefánsson sendir hér inn á línuna og Róbert en Snorri Steinn Guðjónsson er einnig tilbúinn að fá boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Snöggir og miklar skyttur. Eg hélt í tvígang er við jöfnuðum að við myndum hrista þá af okkur en því miður gerðist það ekki.“ Eins og Guðmundur segir var varnarleikurinn afar köflóttur hjá íslenska liðinu sem komst aldrei almennilega í gang. Þegar kviknaði á liðinu brann loginn jafn skjótt út aftur. Guðjón Valur fór

hamförum með tíu mörk og Róbert var seigur á línunni þar sem hann nýtti öll skot sín.

Guðmundur neitar því ekki að það taki verulega á taugarnar að spila hvern leikinn á fætur öðrum sem endar í spennu.

„Þetta tekur hrikalega á, ég við-urkenni það. Þessi riðill er ekkert venjulegur, ég hef aldrei upplifað og séð annan eins riðil. Þetta er alveg ótrúlegt dæmi,“ sagði Guðmundur.

**HENRY BIRGIR GUNNARSSON** Skrifar frá Peking henry@frettabladid.is

| TÖLFRÆÐIN            |                                                                                                                                                                                                                                                     |
|----------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Ísland-Egyptaland    | 32-32 (14-17)                                                                                                                                                                                                                                       |
| Mörk Íslands (skot): | Guðjón Valur Sigurðsson 10 (14), Róbert Gunnarsson 6 (6), Snorri Steinn Guðjónsson 4/1 (7/2), Logi Geirsson 3 (4), Alexander Petersson 3 (3), Ólafur Stefánsson 2 (4), Arnór Atlason 2 (5), Sigfús Sigurðsson 1 (1), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (4). |
| Varin skot:          | Hreiðar Levý Guðmundsson 17 (49/4) 35%.                                                                                                                                                                                                             |
| Hraðaupphlaup:       | 11 (Guðjón 6, Ólafur, Arnór, Snorri, Alexander, Sigfús).                                                                                                                                                                                            |
| Fiskuð viti:         | 2 (Alexander, Róbert).                                                                                                                                                                                                                              |
| Utan vallar:         | 8 mínútur.                                                                                                                                                                                                                                          |
| Mörk Egypta:         | Hussein Zaky 9/5, Mohamed Abd Elsalam 6, Moustafa Hussein 6, Mohamed Ramadan 4, Abouelfetoh Abdelrazek 3, Moahmoud Hassaballah 2, Ahmed El Ahmar 1, Hany El Fakhharany 1.                                                                           |
| Varin skot:          | Walid Abdle Maksoud 13.                                                                                                                                                                                                                             |
| Hraðaupphlaup:       | 4.                                                                                                                                                                                                                                                  |
| Utan vallar:         | 10 mínútur.                                                                                                                                                                                                                                         |



**BJARGVÆTTURINN** Snorri Steinn hefur reynst íslenska liðinu drjúgur á ögur-stundum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Snorri Steinn Guðjónsson: Frekar Rush en Þórarinn

**PEKING 2008** „Sem betur fer þá bjargaði Þórarinn Kristjánsson okkur aftur. Hann er bjargvætturinn,“ sagði markvörðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson um Snorra Stein Guðjónsson sem skoraði jöfnunarmark Íslands annan leikinn í röð í blálokin.

„Ha, nei ekki kalla mig Þórarin. Hef ekkert á móti mannum en vil frekar vera kallaður Rush eða einhver Liverpool-maður,“ sagði bjargvætturinn Snorri Steinn Guðjónsson. - hbg

Breiðablik, Þór/KA, Afturelding og Keflavík unnu öll góða sigra í Landsbankadeild kvenna í gær:

## Níundi sigurleikur Blikastúlkna í röð

**FÓTBOLTI** Sigurganga Breiðabliks í kvennaboltanum hélt áfram í gær þegar liðið vann 3-1 sigur á Stjórnum í Landsbankadeild kvenna. Blikar réðu lögum og lofum stærsta hluta leiksins og fengu ótal færi til að bæta við fleiri mörkum en Sandra Sigurðardóttir stóð vaktina vel í Stjórnumarkinu og kom í veg fyrir fleiri Blika-mörk.

Harpa Þorsteinsdóttir átti mjög góðan leik í liði Blika og skoraði tvö gegn sínum gömlu félögum en mörkin hennar hefðu getað orðið miklu fleiri því nóg fékk hún að færunum.

„Við unnum þennan leik sannfærandi sem er annað en í síðustu umferðunum. Ég er sátt með liðið og sátt með mig. Ég var búin að segja það fyrir leikinn að ég ætlaði að skora þrennu en hún kemur



**TVENNA Blikinn** Harpa Þorsteinsdóttir skorar hér framhjá Söndru Sigurðardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

bara næst. Sandra var að spila mjög vel í markinu,“ sagði Harpa en fékk að spila sem framherji í gær.

„Ég hef verið á miðjunni í sumar og það var fínt að fá að fara fram,“ sagði Harpa og framundan er undanúrslitaleikur á móti KR.

„Þetta var fin upphitun fyrir

KR-leikinn þar sem við þurfum að spila okkar allra besta leik til að vinna hann. Ég held að við höfum tryggt okkur þriðja sætið með þessum sigri þannig að við getum farið að einbeita okkur að bikarnum,“ sagði Harpa kát.

Elín Anna Steinsdóttir kom Blikum á bragðið með laglegu skallamarki eftir hornspyrnu

Söndru Sifar Magnúsdóttir eftir aðeins 3 mínútur en Pamela Liddell minnkaði muninn í 2-1 í seinni hálfleik eftir að Harpa hafði skorað eftir flottan undirbúning Fann-dísar Friðriksdóttur. Harpa inn-siglaði síðan sigurinn eftir góða sendingu Berglindar Bjargar Þorvaldsdóttur. - óbj

### Landsbankadeild kvenna

|                                                                                                                                 |     |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|
| Breiðablik-Stjarnan                                                                                                             | 3-1 |
| 1-0 Elín Anna Steinsdóttir (3.), 2-0 Harpa Þorsteinsd. (62.), 2-1 Liddell (81.), 3-1 Harpa (84.).                               |     |
| Fylkir-Þór/KA                                                                                                                   | 0-4 |
| 0-1 Mateja Zver (45+1.), 0-2 Arna Sif Ásgríms (13.), 0-3 Rakel Hönnud.(63.), 0-4 Zver(81.).                                     |     |
| Keflavík-HK/Víkingur                                                                                                            | 3-1 |
| Linda Rós Þorláksdóttir (10.), Danka Podovac (13.), 3-0 Danka Podovac (60.), 3-1 Nesic (71.).                                   |     |
| Afturelding-Fjölnir                                                                                                             | 4-0 |
| 1-0 Anna Garðarsdóttir (15.), 2-0 Elín Svavarsdóttir (25.), 3-0 Elín Svavarsdóttir (33.), 4-0 Sigríður Þóra Birgisdóttir (76.). |     |



OPIÐ FRÁ 11 - 01 VIRKA DAGA  
OG 11-05:30 UM HELGAR



**SPORT CLUB**

**GOLF HERMIR**



**STEIKHÚS**

**PLAYSTATION**



**ALLAR AÐAL  
SPORTRÁSIR HEIMS**

**HEIMSKLASSASTAÐUR  
Á FRÓNI**



**OPNUM 22.08.08**

Grensásvegi 5-7 - Sími 553 4030

[steakandplay.is](http://steakandplay.is) - [steakandplay@steakandplay.is](mailto:steakandplay@steakandplay.is)



## > Charlie Sheen

„Frægðin er eins og hverflynd hjákona sem getur sviðið mann hvenær sem er. Maður eltist við hana en svo þegar henni er loksins náð hefur maður ekki hugmynd um hvað á að gera við hana.“ Sheen leikur í þættinum Two and a Half Men sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ **VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR** HORFIR Á GAMLAN VIN

# Frost leysir gátuna, aftur og aftur

Mikið er gaman að rifja upp kynni við gamla félagi á miðvikudagskvöldum. Snillingarnir frændur okkar í Danmörku skella ævintýrum lögreglufoðingjans geðstírða Jack Frost á skjáinn vikulega og leyfa þannig áhorfendum að hverfa inn í heim sem er ansi frábrugðinn þeim ameríska glansmyndaheimi sem flestar aðrar sjónvarpsstöðvar þröngva upp á mann flestum stundum.

Jack Frost eltist við morðingja og aðra glæpa-hunda í smábænum Denton á tíunda áratug síðustu aldar. Þættirnir sækja í svipaðan brunn og fjölda-margir aðrir breskir glæpaþættir; titilpersónan Frost er kaldhæðinn náungi og stuttur í spuna við undir-menn sína, enda á hann við endalaus vandamál að stríða í einkalífínu. Hann hefur þó að sjálfsögu hjarta úr gulli og hefur einkum mikla samúð með þeim sem minnst mega sín. Þættirnir um Frost skera sig þó nokk-uð úr hópi annarra breskra lögreglufoðingjaþátta að því leyti að í



þeim er dregin upp býsna grámóskuleg og raun-sönn mynd af hversdagslegu lífi. Denton er hvorki fallegur né rómantískur bæ; persónur þáttanna, jafnt auka- sem aðal-, eru færstar sérlega fallegar, sumar eru hreinlega ljótar, bara eins og fólk er. Jack Frost býr í hverri ömurlegu íbúðinni á fætur annarri, gengur í hallærislegum og ljótum fótum og borðar ógirnilegan og óhollan mat. Í Denton virðist að auki rigna nánast stanslaust, enda ríkir þar eilíft haust og vetur.

Þrátt fyrir þessa heldur óaðlaðandi umgjörð eru þættirnir með því betra sem er í boði á sjónvarps-skjám landsmanna um þessar mundir. Morðmálin eru sjaldnast sérlega auðráðin og að auki eru oftast tvö morð í hverjum þætti, þannig að áhorfendur hafa úr nægu að móða við leynilögreglustarfið. Í það minnsta sýna þessir þættir að sjónvarpsefni þarf ekki endilega að vera nýtt af nálinni til þess að hafa ótvírætt skemmtanagildi.

## EKKI MISSA AF



► **19.55 Friends, lokapáttur.** STÖÐ 2



► **20.10 Frasier** SKJÁREINN



► **20.30 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA



► **22.00 Transporter 2** STÖÐ 2 BÍÓ



► **22.40 Illt blóð (Wire in the Blood)** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**07.45 ÓL í Peking - Samantekt**  
**08.30 ÓL í Peking** Kórufótbolti kvenna og félagar.  
**09.55 ÓL í Peking** Fimleikar, úrslit  
**12.05 ÓL í Peking** Fjálslar, úrslit.  
**14.45 ÓL í Peking** Fótbolti karla  
**16.15 ÓL í Peking - Samantekt**  
**17.00 ÓL í Peking - Samantekt**  
**17.50 Tákn málsfréttir**  
**18.00 Arthúr**  
**18.25 Feðgar í eldhúsinu** (2:6)  
**19.00 Fréttir**  
**19.30 Veður**  
**19.35 Kastljós**  
**20.00 Everwood** (9:22)  
**20.45 Heilabrot** (Hjarnstorm) (5:8)  
**21.15 19. öldin á röngunni** (1800-tallett þá vranen) (5:8)  
**22.00 Tíufréttir**  
**22.20 Ólympíukvöld** (11:16)  
 ► **22.40 Illt blóð** (Wire in the Blood IV) (2:4) Breskur spennumyndaflokkur þar sem sálfræðingurinn dr. Tony Hill reynir að ráða í persónuleika glæpamanna og upplýsa dul-arfull sakamál.  
**00.05 ÓL í Peking - Samantekt**  
**00.30 ÓL í Peking** Fimleikar karla  
**00.55 ÓL í Peking** Strandblak karla  
**01.55 ÓL í Peking** Strandblak karla  
**02.50 ÓL í Peking** Dýfingar karla, úrslit  
**03.50 ÓL í Peking** Handbolti karla  
**06.05 ÓL í Peking** Handbolti karla

## BÍÓ

**08.00 Lotta flytur að heiman**  
**10.00 Say Anything**  
**12.00 Fantastic Voyage**  
**14.00 Guess Who**  
**16.00 Lotta flytur að heiman**  
**18.00 Say Anything**  
**20.00 Fantastic Voyage**  
 ► **22.00 Transporter 2** Framhald hasar-myndarinnar Transporter. Smyglarinn Frank Martin tekur að sér að flytja og vernda son hættulegs eiturfjábáróns.  
**00.00 The People vs. Larry Flynt**  
**02.05 Assault On Precinct 13**  
**04.00 Transporter 2**  
**06.00 Finding Neverland**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Smá skrítnir foreldrar og Kalli kanína og félagar.  
**08.20 Oprah**  
**09.00 Í fínu formi**  
**09.15 Bold and the Beautiful**  
**09.35 La Fea Más Bella** (129:300)  
**10.20 Sisters** (13:24)  
**11.20 Logi í beinni**  
**12.00 Hádegisfréttir**  
**12.45 Neighbours**  
**13.10 M.A.S.H.**  
**15.05 How I Met Your Mother** (12:22)  
**15.30 Sjáðu**  
**15.55 Ginger segir frá**  
**16.18 Kringlukast**  
**16.43 Shin Chan**  
**17.03 Justice League Unlimited**  
**17.28 Bold and the Beautiful**  
**17.53 Neighbours**  
**18.18 Markaðurinn og veður**  
**18.30 Fréttir**  
**18.47 Íþróttir**  
**18.54 Ísland í dag**  
**19.17 Veður**  
**19.30 The Simpsons** (11:25)  
 ► **19.55 Friends** Lokapáttur Friendþátta-anna er tilfinningaþrunginn en húmorinn er aldrei langt undan. Vinirnir eyða nú síðasta deginum sínum saman áður en þau halda hvert í sína áttina.  
**20.45 Two and a Half Men** (3:19) Fimmta sería af þessum vinsælu þáttum um Charlie Harper sem lifði í vellistingum þar til bróðir hans Alan flutti inná hann slippur og snauður, nýfráskilinn og einstæður faðir.  
**21.05 The Big Bang Theory** (1:17)  
**21.30 Canterbury's Law** (5:6) Elizabeth Canterbury er eldklár verjandi sem vilar ekki fyrir sér að sniðganga lögin þegar frelsi skjól-stæðinga hennar er í húfi.  
**22.15 Moonlight** (13:16)  
**23.00 Silent Witness** (7:10)  
**23.55 60 minutes**  
**00.40 Ghost Whisperer** (39:44)  
**01.25 ReGenesis** (10:13)  
**02.10 M.A.S.H.**  
**04.00 Canterbury's Law** (5:6)  
**04.40 Silent Witness** (7:10)  
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT

besta sætið

**17.40 Sumarmótin 2008** Sýnt frá N1 - mótinu sem fram fór á Akureyri þar sem 5. fl. drengja öttu kappi. Stjórnur framtíðarinnar leika listir sínar í höfuðstað Norðurlands.  
**18.30 Countdown to Ryder Cup** Hitað upp fyrir Ryder Cup þar sem Evrópa og Bandaríkin mætast.  
**19.00 Kraftasport 2008** Sýnt frá Upp-sveitarvíkingnum þar sem margir af sterkustu mönnum landsins mættu til leiks.  
**19.30 Stjörngolf 2008** Sýnt frá Stjörngolfi 2008 en þangað mæta margir þjóðþekktir einstaklingar en tilgangur mótsins er að safna fé til góðs málefnis.  
**20.15 10 Bestu - Guðni Bergsson** Annar þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspymumenn Íslandssögunnar.  
**21.10 Umhverfis Ísland á 80 höggum** Logi Bergmann Eðsson fer Umhverfis Ísland á 80 höggum.  
**22.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.  
**22.55 Million Dollar Celebrity Poker** Að þessu sinni mæta stjórnurnar til leiks í póker og keppa um stórar fjárhæðir.

## SPORT 2

enski boltinn

**14.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Middlesbrough og Tottenham í ensku úr-valsdeildinni.  
**16.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull City og Fulham í ensku úrvals-deildinni.  
**18.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.  
**18.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum markaðætti.  
**19.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Portsmouth í ensku úr-valsdeildinni.  
**20.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. Utd og Newcastle í ensku úr-valsdeildinni.  
**22.20 English Premier League**  
**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Wigan í ensku úrvals-deildinni.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)  
**08.00 Dr. Phil** (e)  
**08.45 Vörutorg**  
**09.45 Óstöðvandi tónlist**  
**16.45 Vörutorg**  
**17.45 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vanda-mál og gefur góð ráð.  
**18.30 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.  
**19.20 America's Funniest Home Vid-eos** (e)  
**19.45 Family Guy** (e)  
 ► **20.10 Frasier** (5:24) Síðasta þáttaröð-in af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérvíska hans og snobb eiga sér engin takmörk. Þættirnir voru framleiddir í 11 ár og hlutu alls 37 Emmy-verðlaun, fleiri en nokkur önnur sjónvarpsþáttaröð.  
**20.35 Style Her Famous** (9:10) Jay Manuel kennir konum að klæða sig, mála og greiða eins og stjórnurnar í Hollywood. Að þessu sinni hjálpar hann konu sem vinnur í dýragarði að líta út eins og Nicole Richie.  
**21.00 Design Star** (5:9) Bandarísk raun-veruleikasæria þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Nú eru bara sex hönnuðir eftir og þeir bjóða til brúð-kaups að hætti Las Vegas-búa.  
**21.50 High School Reunion** (2:6) Bandarísk raunveruleikasæria þar sem fyrr-um skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál. Það gengur á ýmsu þegar þessi skrautlegi hópur hittist á ný. Framleiðandi þáttanna er Mike Fleiss, sá sami og stendur á bak við The Ba-chelor.  
**22.40 Jay Leno** (e)  
**23.30 The Evidence** (e)  
**00.20 Da Vinci's Inquest**  
**01.10 Trailer Park Boys**  
**02.00 Vörutorg**  
**03.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að Norðan**  
 Endurtekið á klukkutíma frestin til kl 12.15 daginn eftir.

**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# Sumar myndir vinna!

Smelltu sumarmyndinni þinni í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins

**TAKTU ÞÁTT!**  
 Glæsilegir vinningar í boði.

Þú einfaldlega hleður inn skemmtilegustu myndinni þinni frá því í sumar á **visir.is/ljosmyndakeppni**, skráir inn upplýsingar um hvernig má ná í þig og þannig er sumarmyndin þín kominn í pottinn. Allar nánari upplýsingar um fyrirkomulag má finna á visir.is.



**1. verðlaun**  
 Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 100.000 kr. og Sony Alpha 10.2 megapíxlir með 18-70 mm skiptanlegri linsu að verðmæti 90.000 kr.



**2. verðlaun**  
 Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 60.000 kr. og Sony Cyber-shot 12.1 megapíxlir með snertiskjá og USB innbyggðu minni að verðmæti 50.000 kr.



**3. verðlaun**  
 Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 40.000 kr. og Sony Cyber-shot 12.1 megapíxlir með andlits-skynjun að verðmæti 40.000 kr.

Sony Center SUMAR FERÐIR

Veglegir vinningar í boði, dregið 31. ágúst og birt í Ferðalög, aukablaði Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga



Í KVÖLD

STÖÐ 2 EXTRA - KL. 21.15  
Smallville – Ný þáttaröð

Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman. Clark Kent lærir meira en nokkru sinni um fortíð sína og örlög auk þess sem hann endurvekur kynni sín við Lönu. Í síðustu þáttaröð barðist hann hatrammlega við Bizarro og leysti frænku sína Kōru úr nitján ára gíslingu.



► VIÐ MÆLUM MED  
The Big Bang Theory, NÝTT  
Stöð 2 kl. 21.05

Leonard og Sheldon eru bestu vinir sem leigja saman. Þeir eru klárir eðlisfræðingar og hreinræktaðir nörðar. Þegar kemur að mannlegum samskiptum eru þeir aftur á móti óttalegir klaufar og þá sérstaklega við hitt kynið. Þetta breytist þó þegar þeir kynnast nágrannakonu sinni, henni Peggy, sem er einlæg, fögur og skemmtileg.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin

06.50 Bæn

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Dalakofinn

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

13.00 Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins

13.15 Á sumargeigi

14.03 Tónlistargrúsk

15.03 Útvarpssagan: Hafborg

15.30 Heimsauga

16.00 Síðdegisfréttir

16.13 Flækingur

17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.25 Spegillinn

18.50 Dánarfregnir og auglýsingar

19.00 Á sumargegi

20.00 Leynifélagið

20.30 Sumarást

21.10 Vem kan segla förutan vind?

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Kvöldsagan: Rósin rjóð

22.45 Dragspilið dunar

23.30 Saga til næsta bæjar

00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp

tónlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin /

Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun /

Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks

Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks

17.00 Seinfeld (11:13)

17.30 Ally McBeal (9:23)

18.15 Smallville (1:20)

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Seinfeld (11:13)

Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur.

►20.30 Ally McBeal (9:23)

Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar, en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfýndin og stórfurðuleg.

21.15 Smallville (1:20)

Sjöunda þátta-röðin um ofurmennið Superman á unglingss-árunum. Clark Kent heldur áfram að áfram berjast við ill öfl sem ógna honum og fram-tíð heimsins.

22.00 So you Think you Can Dance

Keppendur vinna með bestu og þekkt-ustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tókum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.

23.25 So you Think you Can Dance

00.10 Missing (15:19)

Þriðja þáttaröð þessa vinsæla spennumyndaflokks sem fjall-ar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki.

00.55 Tónlistarmyndbönd frá Skíf-an TV

INN

20.00 Mér finnst ...

Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen.

21.00 Nútímafólk

Umsjón: Randver Þor-láksson. Gestur: Berþór Pálsson söngvari og kennari við Söngskólann í Reykjavík.

21.30 Í kallfæri

Umsjón: Jón Kristinn Snæhólm. Gestur: Magnús Ver Magnússon 4x sterkasti maður heims.

Dagskrá INN er endurtekin um helg-ar og allan sólarhringinn.

DR 1

14.15

NI HAO OL

højdepunkter

15.25

Nyheder på tegnsprog

15.30

Lille Nørd

16.00

NI HAO OL i dag

16.30

TV Avisen

17.00

Chris på Skolebænken

17.30

Ha' det godt

18.00

Sporløs

18.30

Smag på Danmark - med Meyer

19.00

TV Avisen

19.25

NI HAO aftenOL

20.20

Kriminalassistent Cato Isaksen

21.45

Seinfeld

22.10

En sag for Frost

23.50

Conviction

00.30

Dødens Detektiver

01.00

NI HAO OL direkte

05.00

NI HAO OL direkte

1 SVT 1

10.00

Sommar-OS i Peking

16.00

Lilla blåa draken

16.10

Tippe

16.20

Meg och Mog

16.30

Jane och draken

17.00

Lilla Aktuellt

17.05

I huvet på varann

17.30

Rapport med A-ekonomi

18.00

Den olympiska studion

19.30

Olssons studio

20.00

Den inre fienden

20.50

Rapport

21.00

Sommar-OS i Peking

00.55

Sommar-OS i Peking

04.00

Sommar-OS i Peking

Skráðu þig í netklúbbinn - VITAferdir.is

la dolce

vita

hið ljúfa líf

STRANDLÍF

Hið ljúfa líf á Kanarí

Verð frá 69.900 kr. og 15.000 Vildarpunktar

á mann í smáh. með 1 svefnh., í 7 nætur á Green Golf, brottför 31. jan. Almennt verð: 79.900 kr.

SKÍÐALÍF

Madonna di Campiglio og Canazei NÝTT!

Verð frá 109.900 kr. og 15.000 Vildarpunktar

á mann í þrívíli, 2 fullorðnir og 1 barn, í 7 nætur, með hálfu fæði, á Hotel Splendid, brottför 31. jan. Almennt verð: 119.900 kr.

BORGARLÍF

Líflegar borgir - Barcelona

Verð frá 54.900 kr.

á mann í tvívíli, 2 fullorðnir, í 3 nætur á Hotel NH Numanica, brottför 27. ágúst.

Vildarklúbbur

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

VITA er í eigu Icelandair Group og flýgur með Icelandair á vit ævintýranna.

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444

vita

FERDIR

ÍSLENSKA STÁLUS VIT 42126 08 2008



BESTI BITINN Í BÆNUM



„Það er algjört parti að fara á Ban Thai í stórum hópi. Góður matur, skemmtileg þjónusta og viðráðanlegt verð. Mæli líka með Domo.“

Bergur Þór Ingólfsson leikari.

|    |    |    |    |    |    |
|----|----|----|----|----|----|
| 1  |    | 2  | 3  | 4  | 5  |
| 6  | 7  |    | 8  |    |    |
| 9  |    | 10 |    | 11 |    |
| 12 |    |    | 13 |    |    |
|    | 14 |    |    |    | 15 |
| 16 |    |    | 17 |    |    |
| 18 |    | 19 |    | 20 |    |
| 21 |    |    |    |    |    |

**LÁRÉTT**  
2. lás, 6. í röð, 8. heyskaramboð, 9. bergmála, 11. tveir, 12. mæling, 14. gáleysi, 16. býli, 17. mjög, 18. skelfing, 20. frá, 21. málmhúða.

**LÓÐRÉTT**  
1. botnfall, 3. tveir eins, 4. skífa, 5. ái, 7. smáræði, 10. óhreinka, 13. kvk nafn, 15. vætta, 16. bati, 19. ónefndur.

**LAUSN**  
15. álfa, 16. bót, 19. nn.  
5. afi, 7. smávægji, 10. ata, 13. una,  
LÓÐRÉTT: 1. gróm, 3. oo, 4. kinnla,  
17. all, 18. ógn, 20. af, 21. tína.  
LÁRÉTT: 2. lokka, 6. rs, 8. orf, 9. óma,

- VEISTU SVARID
- Svör við spurningum á síðu 8
- 1

32-32.
- 2

Gunnar Waage.
- 3

Mikhaíl Saakashvili.

VÍSIR.IS

“...ég sá það á vísi”

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími: 553 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík  
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

# Stuðningshópur Marsibilar stofnaður

„Við teljum að íslenskir stjórnmálamenn ættu að taka sér staðfestu og heilindi Marsibil Sæmundardóttur í nýafstöðnum hrossakaupum í borgarstjórn Reykjavíkur til fyrirmyndar,“ segir á síðu sem stofnuð hefur verið á Facebook til stuðnings Marsibil. Stofnandi síðunnar, eða hópsins, er Linda Vilhjálmisdóttir skáld en framtakinu hefur verið tekið vel. Nú þegar þetta er skrifað eru þegar komnir tæplega 40 manns en síðan er nýstofnuð.



reynndar,“ segir Linda aðspurð hvort ástandið sé virkilega orðið svo slæmt í borgarstjórnarpólitíkinni að þegar einn stjórnmálamanna þar sýnir af sér eitt-hvað sem flokka má sem heilindi þá kalli það á viðbrögð sem þessi. Marsibil, sem er í 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík, ákvað að styðja ekki nýjan meirihluta Óskars Bergssonar, efsta manns á lista

**MARSIBIL SÆMUNDARDÓTTIR** Þótt Óskar Bergsson sé full út í hana er svo ekki um alla nema síður sé.

Framsóknarflokksins, og Sjálfstæðisflokks í Reykjavík eins og kunnugt er. Vísir hafði eftir Marsibil að Óskar væri ferlega full út í sig. Linda segir það allt of sjaldgæft að sjá stjórnmálamenn haga sér þannig að þeir styðjist við eigin sannfæringu og sýni staðfestu. „Sérstaklega í erfiðum aðstæðum. Ég vil snúa sjónarhorninu við og vil sjá fleiri í þennan viðsnúning hugsunar.“ Linda segir sín viðbrögð við fyrstu byltingunni í ráðhúsinu hafa verið á þá leið að hún ypti öxlum. „Nú nennir maður því ekki lengur. Ég býst ekki við neinu þannig að nú verði ég glöð þegar hægt er að sjá eitthvað jákvætt út úr stöðunni.“ - jbg



LINDA VILHJÁLMSDÓTTIR Segir afskaplega sjaldgæft að sjá stjórnmálamenn sem sýna af sér heilindi og staðfestu.

DIDDA: ÆVI SKÁLDKONUNNAR HEILLAR KVENNALJÓMA

## Fyrirtæki Brads Pitt vill endurgera Skrapp út

„Þeir höfðu samband gegnum tölvupóst,“ segir Skúli Malmquist, einn framleiðenda myndarinnar Skrapp út, eftir Sólveigu Anspach. Í gær barst framleiðslufyrirtækinu Zik Zak fyrirspurn frá Plan B Productions, um möguleika á að endurgera mynd Sólveigar. Fyrirtækið er í eigu stórleikarans Brad Pitt. „Þetta er bara „þjúra“ áhugi,“ segir Skúli. „Þeir eru að skoða myndina með þetta í huga, sem sagt að endurgera hana.“ Kvikmyndin var sýnd á Locarno-hátíðinni um helgina og vann þar til verðlauna. Verðlaunin voru hin svokölluðu Variety Piazza Grande-verðlaun en það eru ný verðlaun, veitt þeirri mynd sem að mati dómnefndarinnar nær að samræma það tvennt að hafa listrænt gildi og höfða einnig til almennings. „Þeir hafa líklegast rekið augun í hana þar því hún var þar að skáka mjög stórum myndum,“ segir Skúli.

Skrapp út, eða Back Soon eins og hún heitir upp á ensku, er gamanmynd sem skartar skáldkonunni Diddu í aðalllutverki. Myndin fjallar um Önnu Hallgrímsdóttur sem er ljóðskáld og tveggja barna móðir - Líkt og Didda, en það eru einmitt synir Diddu, þeir Úlfar Ægisson og Hrafn Barrett, sem fara með lutverk barna Diddu í myndinni en Sólveig hefur sagt



**DIDDA Í HLOTVERKI ÖNNU** Didda veitti Sólveigu Anspach mikinn innblástur í verkið og á margt sammerkt með aðalpersónu myndarinnar. Því má segja að líf Diddu hafi heillað Brad Pitt.

að Didda hafi veitt sér innblástur í verkið. Meira að segja eru ljóð Önnu eftir Diddu. Didda sagði sjálf frá því í Fréttablaðinu að hún ætti fjölmargt sammerkt með aðalpersónu myndarinnar, fyrir utan

skáldskapinn og börnin tvö. Báðar hafi þær átt rokkstjórnuðrauma og verið hrifnar af Land Rover-jeppum. Þá selur Anna maríjúana en aðspurð hvort hún ætti það sameiginlegt með Önnu svaraði Didda: „Ég veit það ekki. Það er svo margt sem fólk getur gert. Þú gætir bara vitað það ef þú hefur verið að kaupa sjálfur. Og það er rosalega bannað. Alveg jafn bannað og að selja það.“ Skúli segir að ferli sem þetta, frá því að mynd er sýndur áhugi, þar til hún er endurgerð geti verið mjög langt, ef af endurgerðinni verður yfir höfuð. En ljóst er að líf Diddu hefur heillað kvennaljómann Brad Pitt, hvað svo sem af verður.

solli@frettabladid.is



**BRAD PITT** Fyrirtæki hans skoðar möguleika á að endurgera Skrapp út eftir Sólveigu Anspach.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttablaðið greindi nýverið frá víðtali sem birtist í Los Angeles við **Fríðrik Karlsson** tónlistarmann en vegur hans í nýaldartónlistinni vex hröðum skrefum. Hann hefur gert samning við Gemini Sun Records og er það samstarf þegar farið að skila árangri. Plata hans, Magical Relaxation, er nú þegar komin í 29. sæti á lista New Age Reporter Topp 100 og Spiritual Fitness situr í 32. sæti sama lista.



**Anna Kristine Magnúsdóttir**, útvarpskona og blaðamaður, hefur verið fjarri góðu gamni og víst er að margir sakna skrifa hennar og eða raddar í útvarpi en þáttur hennar Milli mjálta og messu var einhver sá vinsælasti sem hefur verið í loftinu. Anna hefur nú í tæpt ár átt við að stríða sjálfsofnæmis-sjúkdóm sem gerir hana nánast handlama. Þess er vonandi ekki langt að biðja að hún nái fyrri heilsu.



Flugur.is greindi frá ævintýrum **Bubba Morthens** á sunnudag en þá var Bubbi að veiðum á Nessvæðinu í Aðaldal. Þar sá rokk-kóngurinn mikinn fjölda stórlaxa og svo mikinn að hann hefur aldrei séð annað eins. Tuttugu laxa sem voru yfir 20 pund og þar af þrjá sem voru svo stórir að sögn Bubba að best sé að sleppa öllu tali um þyngd. Og er þá mikið sagt þegar Bubba er orða vant.



- jbg

## Orðinn útlærður einkaþjálfari

Davíð Smári Harðarson, sem tók þátt í Idol-keppninni fyrir þremur árum, lauk einkaþjálfaraþrófi síðastliðið vor og hjálpar nú Íslendingum að koma sér í gott form í Sporthúsinu. „Ég fór í skólann síðasta vetur og útskrifaðist í vor. Maður er orðinn útlærður einkaþjálfari,“ segir Davíð Smári. „Einkaþjálfaranámið hjá Keili byggist upp á að geta tekið einstaklinginn algjörlega fyrir og umturnað honum. Maður er ekki bara að öskra á fólk og láta það taka arm-beygjur.“ Davíð hefur sjálfur misst um fjörutíu kíló síðan hann tók þátt í Idol og veit því vel hvað þarf til

ætli fólk að ná árangri. „Maður reynir að labba það sem maður þarf að fara í staðinn fyrir að keyra og maður hjólar og hreyfir sig. Það er líka mikilvægt að reyna að hafa gaman af þessu. Þegar þú ert að gera eitthvað fyrir sjálfan þig á það að vera skemmtilegt.“ Hildur Vala Einarsdóttir vann Idol-keppnina þegar Davíð Smári tók þátt en sjálfur er hann í mestu sambandi við útvarpskonuna Heiðu Ólafsdóttur, sem varð önnur. „Eftir að maður tók þátt er maður búinn að hitta ótrúlegasta fólk,“ segir Davíð, sem syngur nú með ballsveitinni Dresscode í frístundum sínum. - fb



DAVÍÐ SMÁRI HARÐARSON Davíð Smári starfar sem einkaþjálfari í Sporthúsinu í Kópavogi og líkar það vel.





NÚ Á **2** STÖÐUM

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## ÚRVAL NÝRRRA ÚTILJÓSA!


Fellsmúla - Reykjavík  
Njarðarbraut - Reykjanesbæ



**6990**  
GARÐSETT 3 STK.  
12V M/SPENNI




**7990**  
GARÐSETT 3 STK.  
12V M/SPENNI



**6995**  
GARÐSETT 3 STK.  
12V M/SPENNI



**3995**  
GARÐSETT 3 STK.  
12V M/SPENNI



**695**  
INNFEILD LJÓS



FRÁ **2995** **3595**  
INNFEILD LED LJÓS  
ÚTIKASTARI  
**2995**  
NIÐURGRAFIÐ LJÓS

## TILBOÐ!



**4995**



**4995**



**6995**



2 STÆRDIR  
FRÁ **6995**  
GARÐSETT 3 STK.  
M/SPENNI  
FRÁ **6995**  
GARÐSETT 3 STK.  
M/SPENNI



FRÁ **2995**  
VEGG OG LOFTLJÓS



**4995**  
**3995**  
**3995**



**3995**  
**4995**



**3995**



**3495** **2995**



**3995** **3995**



**4999** **3995**  
STAUR  
M/ 2 LJÓSUM  
VEGGLJÓS TVÖFALT  
**2995**  
VEGGLJÓS EINFALT

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

## RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888  
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

## OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18  
Laugard. kl 10 - 17  
Sunnud. kl 12 - 16





Bubbi,  
ég elska þig!

Eins og ástin krýnir þig eins mun hún krossfesta þig,“ sagði líbanska skáldið Kahil Gibran og hefði alveg eins getað verið að tala um íslensku þjóðarsálina sem mér finnst oft undir sömu sök seld og ástin sjálf.

**VIÐ** þreytumst nefnilega seint á því að finna okkur afrekskolla til að krýna og um stund verður allt sem frá þeim kemur að Lilju sem allir vildu kveðið hafa. En síðan einn daginn, öllum að óvörum, misstigur konungurinn sig svo öllum verður ljóst að hann er jafn ófullkominn og hver annar. Það gengur náttúrulega ekki.

**MÉR** er þetta ofarlega í huga núna þar sem „strákarnir okkar“ og Bubbi Morthens hafa verið mikið til umfjöllunar að undanförnu. Þetta er einmitt sá hópur sem þekkir hvað best af eigin raun þessa tilhneigingu þjóðarinnar. Hvað handboltalandsliðið varðar var ég búinn að ákveða að taka ofan hattinn fyrir þeim jafnvel þó þeir létu slá sig út í fyrsta leik í átta liða úrslitum. Mér finnst ég hreinlega ekki hafa efni á því að taka Guðmund þjálfara afsíðis á Leifsstöðinni eftir að hann er búinn að sigr Þjóðverja og Rússa og segja „Gummi minn, þið verið nú að fara að hugsa ykkar gang.“


**BUBBI** hefur nefnilega kennt mér dýrmæta lexíu sem fær mig til að sitja á strák mínum áður en ég vísa mönnum á Hausaskeljastað. Ég var nefnilega ungur þegar Bubbi var sleginn þessum dýrdaljöma hins fullkomna konungs. En svo runnu á mig tvær grímur þegar axarsköftin fóru að láta á sér kræla. Í hvert skipti sem svo þar undir tók ég mér stöðu í grátkórnum. Ég veit ekki hvað ég sagði oft „nú er Bubbi búinn“. En ég varð síðan að láta af þeim ósið.

**SÍÐAN** þá hefur Bubbi margsinnis verið krýndur. Þess á milli hefur hann einnig verið krossfestur, svo við notum nú líkingamál Gibrans. Eins og flestir landsmenn virði ég hann afar mikils sem tónlistarmann en þó ekki síður fyrir það hvernig hann hefur opnað sjálfan sig upp á gátt fyrir alþjóð sem horfir á breyskleikann drjúpa af honum. Það er nefnilega hégómaprjál að vera að krýna konunga og afar ómanneskjulegt að vera að krossfesta fólk. Það getur hins vegar verið addáunarvert hvernig metnaðarfullir menn bera krossinn sinn.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er þriðjudagurinn 19. ágúst, 232. dagur ársins.

|           | Sólarupprás | Hádeggi | Sólarlag |
|-----------|-------------|---------|----------|
| Reykjavík | 5.32        | 13.31   | 21.28    |
| Akureyri  | 5.07        | 13.16   | 21.22    |

Heimild: Almanak Háskólans



Djerba undan suðurströnd Túnis nýtur mikilla vinsælda hjá ferðamönnum, enda bjóðast þar frábært veður, pálmatré, fallegar strendur og lúxushótel. Heillandi norður-afrískri menningu má kynnast í frábærum skoðunarferðum: Hringferð um Djerba, þar sem við berjum augum rómverskar rústir og handverk heimamanna, og Djerba-kvöld sem kynnir ferðamönnum framandi veröld.

Hægt er að sigla í sjóræningjaskipi til Ras Rmel, eyju flamingóanna, þar sem sólin skín og synt er innan um höfrunga, eða halda til Tataouine, syðst í Túnis, að skoða kryddmarkað og fornar byggðir. Síðast en ekki síst er boðið upp á ótrúlegt tveggja daga eyðimerkurævintýri, þar sem haldið er út í Sahara og gíst í Bedúínatjöldum langt inni í eyðimörkinni. Einstakt ferðalag fyrir ævintýragiarna!

Ódýrustu sætin bókast fyrst!

Vincci Alkantara Thalassa

★★★★★

Nútímalegt og glæsilegt hótél við fallega einkaströnd í hótélverfinu Zone Touristique, þar sem þú finnu bestu strendurnar og tærasta sjóinn.

Verðdæmi: **124.900,-**

á mann í tvíbýli með útsýni yfir garðinn. „Allt innifalið“

Meliá Palm Azur

★★★★★

Hótél í dýrðlegri vin við rólega strönd. Svalir, loftkæling, gervihnattasjónvarp. Stór sundlaug og frábær íþróttaaðstaða.

Verðdæmi: **117.025,-**

á mann í tvíbýli með útsýni yfir garðinn. „Allt innifalið“

Mövenpick Ulysse Palace

★★★★★

Glæsilegt hótél við fallega, óspilla strönd. Smekklega innréttað herbergi og heilsulind þar sem auðvelt er að slaka á og njóta ljúfa lífsins.

Verðdæmi: **129.870,-**

á mann í tvíbýli með útsýni yfir garðinn og morgunverði

ÚRVAL-ÚTSÝN